



Reykjavík

Græna planið

Áfangaskýrsla

júlí 2024 – júní 2025





Inngangur

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkur með áherslu á umhverfi, efnahag og samfélag. Það er leiðarljós í allri starfsemi borgarinnar til ársins 2030 og með því eru settar fram fimmtán lykiláherslur.

Áfangaskýrsla þessi sýnir framvindu verkefna eftir meginflokkum Græna plansins:

- Græn borg,
- Vaxandi borg og
- Borg fyrir fólk.

Aðgerðir eru flokkaðar í samræmi við lykiláherslur til að auðvelda yfirsýn og tengja verkefnin við stefnuna. Með útgáfu áfangaskýrslunnar er gefin skýr og aðgengileg yfirsýn yfir helstu aðgerðir Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á gerð áfangaskýrslunnar og vinnur hana í samstarfi við starfshóp Græna plansins. Áfangaskýrslunni er ætlað að tryggja gagnsæi og aðhald innan borgarkerfisins og að verkefnum sé forgangsraðað í samræmi við markmið Græna plansins og aðrar samþykktar stefnur borgarinnar.

Nánari upplýsingar um Græna planið, þar á meðal stöðulýsingar einstakra aðgerða, má finna á <http://www.reykjavik.is/graenaplanid>

Þá er hluti af þessari samantekt stöðaðgerðir við Græna planið, sem og samvinna við fyrirtæki borgarinnar.

Áfangaskýrsla lögð fram í borgarráði 20. nóvember 2025





Efnisyfirlit

Græn borg

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur

Vaxandi borg


1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutækifæri framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Borg fyrir fólk

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir öll
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

Stoðaöðgerðir og samvinna við fyrirtæki borgarinnar





Græna planið
lykiláherslur



Framtíðarsýn Græna plansins
í umhverfis- og loftslagsmálum

Græn borg





Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og
heilbrigð borg sem verður
kolefnishlutlaus árið 2040.

Þessi framtíðarsýn er útfærð nánar í tveimur
lykilstefnum:

- Loftslagsstefnu
- Aðalskipulag 2040





Græn borg

Helstu markmið í umhverfis- og loftslagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Loftslagssamningur - Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030	Reykjavíkurborg hefur verið valin til að taka þátt í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir fyrir árið 2030. Markmið verkefnisins er að þátttökuborgimar, 112 borgir, verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030. Þær verða miðstöðvar rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2050. Fyrri markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 verður endurskoðað og flýtt til ársins 2030, a.m.k. losun sem er skilgreind innan BASIC+.	Í vinnslu - 2/2 2030	Loftslagsborgarsamningurinn var sendur til yfirferðar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í janúar 2025. Haldinn var fundur með þátttakendum samningsins 18. mars 2025 til að halda áfram að þróa aðgerðirnar í samningnum. Á sama tíma fór fram vinna við að svara athugasemdum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við loftslagsborgarsamninginn, bæta og skýra aðgerðir í samningnum m.a. sem snýr að fjárfestingaráætlun borgarinnar og annarra þátttakenda í samningnum. Loftslagsborgarsamningurinn var loks fullgiltur með viðeigandi stimpli (labelled) 7. maí 2025. Slík fullgilding felur í sér aukinn stuðning og ráðgjöf til að þróa og fjölga aðgerðum sem munu leiða til kolefnishlutlauss samfélags 2030. Nú hafa 92 borgir af þeim 112 sem taka þátt í Evrópusamstarfinu fengið fullgildingu / viðurkenningu á sínum samningi og er Reykjavík ein af þeim. Nánar um verkefnið.	Loftslagsstefna Atvinnu- og nýsköpunarstefna Alþjóðastefna	USK FAS SBB MAR
Stöðutaka á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar	Nokkuð er síðan mat á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar hefur farið fram. Gert var ráð fyrir að nýtt mat yrði unnið á árinu 2024.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verkefnið er í vinnslu og er nú orðið ein af aðgerðum loftslagsborgarsamnings og verður fylgt eftir á þeim vettvangi.	Loftslagsstefna	USK
Réttlát umskipti loftslagsmála	Vegna þátttöku og skuldbindinga í Global Covenant of Mayors er gerð krafa um að greina aðgerðir í loftslagsmálum og hvemig réttlát umskipti eru tryggð. Unnin hefur verið jafnréttisgreining en gert er ráð fyrir að unnin verði greining á réttlátum umskiptum fyrir lok árs 2025.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verkefnið er í vinnslu og er nú orðið ein af aðgerðum loftslagsborgarsamnings og verður fylgt eftir á þeim vettvangi.	Loftslagsstefna Mannréttinda-stefna	USK MAR
Vistvænar samgöngur	Þeir þættir sem hafa mest áhrif til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna eru áherslur í skipulagi, fókus á örflæðilausnir og gangandi og aukin hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldneytis. Sjá nánar um vistvænar samgöngur undir markmiði 5 <i>Vistvænar samgöngur</i> í aðgerðum undir kaflanum Græn borg.	Í vinnslu - 2/2 2030	Sjá nánar í kaflanum um vistvænar samgöngur.	Loftslagsstefna Aðalskipulag 2040	USK
Hringrásargarður á Álfsnesi	Eitt stærsta verkefni næstu ára verður að innleiða hringrásarhagkerfi í auknum mæli, þar sem munir og efni er betur nýtt, endurnýtt og endurunnið. Markmiðið með Hringrásargarði á Álfsnesi er að minnka soun og bæta nýtingu. Hringrásargarður á Álfsnesi getur orðið mikilvægur liður í að efla hringrásarhagkerfið í Reykjavík en með þróun verkefnisins er markmiðið að stuðla að auknu samstarfi, verkefnum og nýsköpun þegar kemur að hringrás muna og efna til að ná megi markmiðum um að hætta urðun og stuðla að því að svokallaðir úrgangsstraumar verði að auðlindum. Ráðgjafateymi hefur unnið og skilað af sér fýsileikagreiningu fyrir Hringrásargarðinn. Á grunni skýrslunnar mun þróunar- og skipulagsvinna nú hefjast.	Í vinnslu - 2/2 2025	Teymi Nordic Architecture og EFLU var valið í kjölfar opinnar verðfyrirspurnar til að móta þróunaráætlun og rammaskipulag fyrir Hringrásargarðinn á Álfsnesi. Teymið kynnti fyrstu drög fyrir starfshópi í lok árs 2024 og stóð síðar fyrir vinnustofu í mars 2025 með þátttöku lykilhagaðila. Þar voru kynntar mismunandi sviðsmyndir um þróun garðsins, byggðar á greiningu á innviðum, landsháttum, efnisstraumum, auðlindaþörf og viðskiptatækifærum. Hagaðilar komu með ábendingar og ræddu hvaða samsetningar atvinnugreina og strauma gætu best endurspeglað framtíðarsýn fyrir Hringrásargarðinn. Vinna ráðgjafanna heldur áfram og stefnt að því að fyrsti hluti verkefnisins þróunaráætlun og skipulagslýsing verði kynnt í borgarráði í janúar 2026.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Hringrásaráherslur - Flokkun og hirða á lífrænum úrgangi	Umfangsmiklar breytingar urðu á lögum um úrgangsmál árið 2021 sem komu flestar til framkvæmda 1. janúar 2023. Með lögnum verður lögð aukin skylda á einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og merkingu íláta og innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs. Breytingu á sorphirðu við heimili er lokið. Breyting á söfnun við grenndarstöðvar mun fara fram fyrri hluta árs 2024.	Lokið - 1/2 2024	Aðgerð lokið. Nánar um verkefnið.	Loftslagsstefna	USK
Vistvænni mannvirki	Losun vegna mannvirkjagerðar í Reykjavík er að mestu leyti í umfangi 3 og er utan við kröfur um loftslagssamning þar til eftir 2030. Engu að síður er verið að vinna að því að draga úr losun vegna mannvirkjagerðar og unnið í haginn fyrir loftslagssamningatímabilið eftir 2030. Reykjavíkurborg vann að og hefur nú tekið sæti í verkefnastjórn hjá Byggjum grænni framtíð sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvæna mannvirkjagerð. Verkefnið á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Vinnan felst í því að meta árlega losun mannvirkjageirans, setja markmið um að draga úr þeirri losun til ársins 2030, skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum og svo vinna markvisst að aðgerðunum.	Í vinnslu - 2/2 2030	Ásamt því að fjölga umhverfisvottuðum byggingum í eigu Reykjavíkurborgar eru umhverfiskröfur settar í útboðsgögn þar sem ekki er valið að fara í vottunarferli, til dæmis varðandi byggingarefni og umhverfisstjórnun á verkstað. Einnig er unnið að því að finna leiðir til að bæta gagnasöfnun um úrgang og losun á verkstöðum til að skýra losun umfangs 3 í loftslagbókhaldi borgarinnar.	Loftslagsstefna Aðalskipulag 2040 Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB USK
Umhverfisvottaðar byggingar borgarinnar	Áhersla verður lögð á umhverfisvottun (Svansvottun) bygginga, bæði nýbygginga og endurgerðar- og viðhaldsverkefna á árunum 2024 - 2025. Fiskislóð og mannvirki í Úlfarsárdal eru í BREEAM vottunarferli.	Í vinnslu - 2/2 2025	Árið 2024 hlaut leikskólinn Fífuborg Svansvottun fyrir endurbætur. Reykjavíkurborg vinnur einnig að endurbótum á þremur öðrum leikskólum undir Svansvottunarferlinu; Grandaborg, Garðaborg og Hálsaborg. Auk þess eru tvær Svansvottaðar endurbætur í gangi í skólum, Hólabrekkuskóla og Vörðuskóla. Tvær umsóknir um Svansvottaðar nýbyggingar hafa verið sendar inn vegna leikskólanna Kvistaborgar og Funaborgar. Einnig stendur til að sækja um Svansvottun fyrir leikskóla á Fossvogsbletti. Reykjavíkurborg er með fimm verkefni í BREEAM ferli, fjögur þeirra eru á lokastigi, þar sem annaðhvort er verið að ganga frá gögnum eða fara yfir þau. Þetta eru Fiskislóð, Sundhöllin, Kleppsvegur og mannvirki í Úlfarsárdal. Grófarhúsið er fimmta verkefnið og er í hönnunarferli.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
Orkuskipti í bílaflota borgarinnar	Á árinu 2024 munu fara fram útboð á nýjum millistórum flokkabílum skrifstofu borgarlandsins á umhverfis- og skipulagssviði. Endumýjunin er hluti af nauðsynlegri endurnýjun bílaflota en einnig með orkuskipti í huga. Gert er ráð fyrir fjölgun hreinorkubíla.	Lokið - 2/2 2024	Lokið hefur verið við útboð á flokkabílum og fólksbílum.	Loftslagsstefna	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Rafvæðing umsókna til byggingarfulltrúa	Markmiðið er að allar umsóknir og afgreiðsla mála verði rafræn og embættið verði pappírslaut með öllu. Nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg hefur verið tekið í gagnid, lögbundin tenging gerð við mannvirkjaskrá Mannvirkjastofnunar og aukin rafræn afgreiðsla innleidd. Vinnulag embættisins hefur tekið miklum breytingum og uppsetning á nýju kerfi hefur verið í stöðugri þróun svo móttaka, afgreiðsla og varðveisla skjala og upplýsinga verði með sem bestu móti. Á árunum 2024-2025 verður áfram unnið að því að innleiða nýja verkferla sem styðja við rafvæðingu þjónustu byggingarfulltrúa.	Í vinnslu - 2/2 2025	Allar þjónustur og umsóknir hjá byggingarfulltrúa eru orðnar rafrænar og það eina sem við erum að taka á móti á skrifstofu byggingarfulltrúa núna á pappír eru gögn sem þarf að þinglýsa hjá sýslumanni (og sýslumaður ekki kominn með rafrænt þinglýsingarkerfi). Þetta eru allar þjónustur byggingarfulltrúa sem hægt er að finna á Mínun síðum og svo er umsóknargátt Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) notuð til að sækja um byggingarleyfi. Undanfarið ár hefur HMS verið að þróa nýja byggingarleyfisumsóknargátt sem fór í loftið í nóvember 2024 en bara hjá Reykjanesbæ. Við höfum verið að vinna náið með HMS teyminu til að undirbúa tengingu okkar við þessa nýju gátt sem er væntanleg. Þessi hluti umsóknarinnar köllum við fasa 1 og er viðmót hönnuða og umsækjanda. Stærsta breytingin, fyrir utan útlit umsóknarinnar, er að þar þurfa þeir að staðfesta aðkomu sína að málinu með rafrænum skilríkjum. Unnið hefur verið náið með HMS í sérfræðinga- og ráðgjafahlutverki að hönnun og þróun fasa 2 af nýju umsóknargáttinni sem er viðmót byggingarfulltrúa. Þegar sá hluti er innleiddur mun byggingarfulltrúi yfirfara umsóknir inni HMS gáttinni, umsagnaraðilar veita umsögn þar inni og öll samskipti við hönnuði munu eiga sér stað þar. Haldnar hafa verið sex vinnustofur og fleiri fundir inni á milli sem hefur leitt til þróun og myndun umsóknargáttarinnar. Aðalupprættir verða vatnsmerktir og innsiglaðir í settum. Auk þess hefur tengingu viðísland.is verið komið á.	Loftslagsstefna þjónustu- og nýsköpunarstefna Stafræn stefna	USK PON
SPARCS	SPARCS (Sustainable energy Positive & zero cARbon CommunitieS) er stórt orkuskipta- og loftslagsverkefni styrkt af ESB. Verkefnið stuðlar að samvinnu borga í Evrópu í leit að nýjum og betri lausnum með það fyrir augum að umbreyta borgum í sjálfbær, kolefnishlutlaus vistkerfi sem leiða til bættra lífskjara íbúa. Sem samstarfsvettvangur 31 ólíkra aðila skapar verkefnið ný tækifæri í þróun og miðlun þekkingar á kolefnisjöfnun borga. Verkefnið styður við innleiðingu Græna plansins og þátttöku Reykjavíkurborgar í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir.	Lokið - 2/2 2024	Evrópuverkefninu SPARCS lauk formlega í lok árs 2024. Í kjölfarið var gefin út samantektarbók með helstu lærdómum og niðurstöðum úr verkefninu, þar sem Reykjavík kemur víða við sögu. Bókin er aðgengileg á sparcs.info. Nánar um verkefnið.	Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030 Loftslagsstefna	SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lýkilstefna	Svið
Loftslagsskógar í Úlfarsfelli	Loftslagsskógar í Úlfarsfelli eru samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur sem hófst 2020 og er til 10 ára. Áætlað svæði til skógræktar er um 200 ha. Meginmarkmið ræktunar er aukin kolefnisbinding og uppbygging útivistarskóga.	Í vinnslu - 2/2 2030	Gróðursettar voru 12.203 trjá- og runnaplöntur í 6,9 ha. Gerð var tilraun með að dreifa 300m ³ af moltu á 0,1 ha af rýrum svæðum. Nánar um verkefnið.	Loftslagsstefna	USK
Framkvæmdir í Öskjuhlíð	Verið er að bæta aðgengi gangandi og hjólandi með stígagerð í Öskjuhlíð. Lokið var við stíg upp Öskjuhlíð frá Flugvallavegi 2021 og svo hafist handa við að leggja nýjan fræðslu- og upplifunarstíg skv. vinningstillögu í hönnunarsamkeppni frá 2013 sem kallast Perlufesti. Áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla.	Í vinnslu - 2/2 2024	Lokið við hönnun á lokaáföngum Perlufestar og útboðsgögn tilbúin. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040	USK
Uppbygging á Austurheiðum	Útivistarsvæðið Austurheiðar er alls um 930 ha svæði sem nær yfir Austurheiðarnar að mestu, Hólmsheiði, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði. Innan svæðisins er Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn að hluta. Verkefnið er í samræmi við samþykkt Aðalskipulags Reykjavíkurborgar og styður við stefnu Reykjavíkurborgar um að efla lýðheilsu og gera aðgengilegt útivistarsvæði. Verkefnið er byggt á samþykktu rammaskipulagi fyrir Austurheiðar sem samþykkt var af skipulags- og samgönguráði 10. mars 2021. Þá eru Austurheiðar hluti af Græna treflinum sem er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði á útmörkum sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðin með gerð rammaskipulags fyrir Austurheiði eru margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Helstu markmið eru: — Afmarka og skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra. — Skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa eins og fyrir hestafólk, gönguskiði, fjallahjól, torfæruhjól, göngu, skokk, sveppamó, berjamó, ferðaþjónustu og fisflug. — Ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla og reiðleiða um svæðið. — Styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæði. — Styrkja samspil og tengingu Austurheiða við aðliggjandi útivistarsvæði. Framkvæmdir við gerð útivistarsvæða skv. rammaskipulagi fóru af stað á árinu 2022 og er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum 2024.	Lokið - 2/2 2024	Unnið að merkingu gönguleiða. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040 Lýðheilsustefna	USK
Vatnaáætlun - aðgerðaáætlun	Greinst hafa mengandi efni í Tjörninni. Greina þarf betur uppsprettur mengunar og í kjölfarið vinna aðgerðaráætlun um hvernig koma megir Tjörninni í betra horf. Sótt hefur verið um styrk í LIFE framkvæmdasjóð Evrópusambandsins. Um langtíma verkefni er að ræða þar sem verkefnahraði mun ráðast af því hvort eða hvenær styrkur hlýst.	Í vinnslu - 2/2 2025	Innleiðing á vatnaáætlun sem er lögbundið hlutverk. 157 milljóna kr. styrkur fékkst frá Evrópusambandinu og sýnataka mun hefjast 2025. Icewater er samstarfsverkefni 22 samstarfsaðila sem fengu 3,5 milljarða styrk á heildina. Orkuveitan, Veitur og Orka náttúrunnar eru meðal styrkhafa.	Aðalskipulag 2040	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Gróðurinn í borgarlandinu	Reykjavíkurborg vill styrkja hlutverk sitt sem græn borg eins og tekið er fram í Aðalskipulagi borgarinnar. Stefnunni um Græna borg er ætlað að vera aflvaki góðs borgarlífs, stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa og auka græna ásýnd borgarinnar með trjám og öðrum gróðri. Framkvæmdir í verkefninu Græna netið hófust haustið 2020. Markmið verkefnisins er m.a. að auka sjálfbærni og líffræðilegan fjölbreytileika gróðursvæða með fjölbreyttu tegundavali þar sem trjágróður er ríkjandi. Einnig að styðja við ofanvatnslausnir og draga úr viðhaldspörf gróðursvæða, m.a. grasslætti.	Í vinnslu - 2/2 2030	Unnar voru lagfæringar á nokkrum eldri verkefnum í Græna netinu. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Flóðavarnir verði útivistarsvæði og garðar	Vegna aukinnar úrkomu og hækkunar sjávarmáls þarf að aðlaginn innviði að loftslagsbreytingum og tryggja viðnámsþrótt borgarinnar. Efling á flóðvörnum meðfram strandlengjunni þar sem þörf er á og stefnt að því að úr verði útivistarsvæði, strandgarðar og aðstaða til sjávarbaða á völdum stöðum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Staðan er óbreytt.	Loftslagsstefna	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Haftengd útivist	Skýrsla um haftengda upplifun og útivist hefur verið gefin út. Fjármunir hafa verið veittir á fjárfestingaráætlun til að fylgja fyrstu verkefnum eftir. Næstu skref 2024 verða mat og forgangsroðun hugmynda með áherslu á aðgerðir sem ná til margra með lægstum tilkostnaði. Þá verður leitað eftir samstarfsaðilum til að nýta þessi tækifæri. Svæðin sem voru nefnd í skýrslunni eru Nauthólsvík, Nýi Skerjafjörður, Ægisíða, Laugarnes, Bryggjuhverfi vestur, bryggjuhverfi við Grafarvog, Viðey, Gufunes, Gorvík og Blikastaðakró ásamt Kjálamesi.	Í vinnslu - 1/2 2026	Parísarhjólið var sett upp á Miðbakka sumarið 2024 og var þá um tilraunaverkefni til eins sumars að ræða. Verkefnið gekk vel og var ákveðið að auglýsa eftir aðila til að rekaparísarhjóli á Miðbakka aftur fyrir sumarið 2025. Reglur um baðlón og gufuböð innan borgarmarka eru óljósar, hagaðilar innan borgarkerfis hafa hist reglulega til að útfæra leið sem væri hægt að bjóða aðilum sem hafa hug á að reka fargufur eða fljótanda gufur. Þeir fundir hafa leitt til sameiginlegs skilnings á verkefninu en samtalið heldur áfram í haust. Þau sem hafa hist reglulega eruatvinnu- og borgarþróunarteymi (nú verkefnateymi), borgarhönnun, Heilbrigðiseftirlitið, Útilífsborgin og Faxaflóahafnir. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040 Lýðheilsustefna	SBB USK
Auka við upplýsingar um loftgæðamál	Markmiðið er að bæta aðgengi almenningsað upplýsingum um loftgæði, fjölga mælum og þétta mælanetið. Auk þess er markmiðið að fækka dögum þar sem farið er yfir heilsuverndarmörk vegna mengunar frá umferð.	Í vinnslu - 1/2 2026	Heilbrigðiseftirlitið fer fyrir því að skoða að bæta við loftgæðamælum og hefur fengist fjármagn til að endurnýja búnað og við þá endurnýjun mun bætast við ein fullbúin mælistöð og eldri stöð mun nýtast til svifryksmælinga. Heilbrigðiseftirlitið hefur í sínum langtímamarkmiðum að fjárfesta enn frekar í fleiri loftgæðafarstöðvum til að þétta mælinetið enn frekar. Auk þess hefur heilbrigðiseftirlitið skoðað fýsileika ódýrari en ónákvæmari mæla sem væri hægt að staðsetja á stöðum undir álagi þar sem viðkvæmir hópar dvelja t.d. við leikskóla, dvalarheimili og íþróttafélög við stofnæðar. Aðgengi að upplýsingum er í raun óbreytt og eru upplýsingar aðgengilegar á vef umhverfisstofnunar á loftgaedi.is Fjöldi daga yfir mörkum sveiflast eitthvað til milli ára en mengunin getur átt mismunandi uppruna og hafa eldgos síðustu ára átt þátt í þessari sveiflu.	Aðalskipulag (umhverfis- og auðlindastefna)	HER
Útboð og innleiðing eldhúsumsjóna-kerfis fyrir velferðarsvið og skóla- og frístundasvið	Útboði er lokið. Við tekur úrvinnsla tilboða og því næst innleiðing á kerfi. Markmiðið er að: — Minnka matarsóun með betri nýtingu matvæla og einfaldara pöntunarkerfi — Samræma uppskriftir og innkaup — Sýna kolefnisspor máltíða — Auka gæðaeftirlit — Bæta upplýsingagjöf varðandi næringarinnihald matvæla, uppruna og ofnæmisvalda	Í vinnslu - 2/2 2025	Eftir að útboðsferli lauk og samningur var kominn á var strax hafist handa við undirbúning. Búið er að hlaða inn í kerfið næringarupplýsingum úr gagnagrunn hráefna fráÍSGEM auk Landspítala. En spítalinn er nýlega búinn að innleiða sama kerfi og hefur því verið gott samstarf þar. Vörustjóri Matilda hjá Reykjavíkurborg ásamt starfsfólki framleiðslueldhúss Velferðarsviðs hefur setið regluleg námskeið hjá Matilda, lært á kerfið og aðlagð það eftir þörfum. Mikil vinna hefur farið í að setja hráefni, uppskriftir, matseðla, verðlista birgja, upplýsingar um þjónustuþega og fleiri upplýsingar inn í kerfið. Unnið hefur verið að því að skilgreina aðgangshópa notenda kerfisins og ýmislegt fleira. Stefnt er að því að framleiðslueldhús VEL hefji formlega notkun á kerfinu haustið 2025 og á sama tíma verði hafin vinna við skráningar á uppskriftum frá grunnskólum.	Matarstefna	VEL SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Hlemmsvæðið	Hlemmsvæðið mun taka verulegum stakkaskiptum í framtíðinni og unnið er að nýju skipulagi sem á að stuðla að góðu mannlífi og sambúð ólíkra hópa. Á svæðinu mun rísa nýtt torgsvæði sem mun skapa ramma utan um fjölbreytt mannlíf, veita skjól og vera spennandi dvalarsvæði. Nýtt skipulag gerir ráð fyrir legu Borgarlínu um Hlemm og eru almenningssamgöngur og virkir ferðamátar settir í forgang á svæðinu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verkhönnun er í gangi á áfanga 3 af torginu og framkvæmd er á áfanga 2 af torginu. Vonast er til að framkvæmd áfanga 3 geti hafist vorið 2026. Hönnun leikvallar á torginu er komin vel á veg. Sumarið 2025 var komið upp tímabundnum leikvelli fyrir yngstu kynslóðina sem strax skapaði líf og vakti lukku. Þegar frágangi sunnan og austan við Mathöllina lauk lífnaði strax yfir svæðinu og er gaman að sjá markmiðin smátt og smátt raungerast. Hafin er forhönnun á svæðinu norðan við Hlemm og væntanlega borgarlínugötu og hjólastíg sem áætlað er að komi þar. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
Gönguvæn borg - 15 mínútna hverfi	Í gegnum hverfisskipulag, endurnýjun hverfiskjarna og fjárfestingu í innviðum verði hverfi borgarinnar gönguvænni og aðgengi að grænum svæðum, útivist og þjónustu tryggt í 15 mínútna göngu- eða hjólaferi. Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að gróin hverfi í borginni verði sjálfbærari og vistvænni en áður, íbúðum fjölgi og þægilegra verði fyrir húseigendur að gera breytingar á fasteignum sínum. Lokafrágangur á hverfisskipulagi fyrir Hlíðar, Háaleiti og Bústaði er áætlaður á fyrri hluta ársins. Á árinu 2024 hefst einnig vinna við undirbúning hverfisskipulags fyrir Grafarvog og Grafarholt að undangengnu samráðs- og kynningarferli.	Í vinnslu - 2/2 2030	Hverfisskipulagi fyrir Árbæ, Breiðholt og Hlíðar er lokið. Gert er ráð fyrir að vinnu við hverfisskipulag Háaleitis og Bústaðahverfis og Grundarhverfis á Kjálarnesi klárast á árinu 2026. Í kjölfarið verður unnið að hverfisskipulagi í Laugardal og Vesturbæ. Einnig er stefnt að því að gera breytingu á samþykkt um leiðbeiningar hverfisskipulags þannig að þær geti gilt í öllum hverfum Reykjavíkur, óháð því hvort hverfisskipulag hafi tekið gildi eða ekki.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
Gönguvæn borg - græn borgarþróun	Þróun borgarinnar verði öll innan skilgreindra vaxtarmarka hennar og 80% uppbyggingar íbúðarhúsnæðis verði innan þægilegrar fjarlægðar frá Borgarlínu. Unnið verður áfram að deiliskipulagsgerð fyrir 1. áfanga Borgarlínu.	Í vinnslu - 2/2 2030	Íbúðauppbýgging fylgir markmiðum um að hún sé innan skilgreindra vaxtarmarka og í nálægð við Borgarlínu. Rammahluti aðalskipulags vegna 1. lotu Borgarlínu er í staðfestingarfasa og fyrstu deiliskipulög eru í kynningarferli.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
Heilsueflandi samgöngumátar - hjóleiðaborg á heimsmaelikvarða	Endurskoðuð hjóleiðaáætlun setji sér sem markmið að Reykjavík verði hjóleiðaborg á heimsmaelikvarða. Markmiðið er að auka hlutdeild hjóleiða í ferðum í borginni. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar ört. Samhliða fjölgar ferðum í borginni mikið þar sem hver íbúi fer að meðaltali um fjórar ferðir á dag. Hjóleiðar eru hagkvæmur, heilsusamlegur og skemmtilegur ferðamáti. Betri hjólaborg eykur lífsgæði allra borgarbúa. Loftgæði verða betri, íbúar verða heilsuhraustari og tafir í bílaumferð verða minni. Hjóleiðar eru hamingjuríkasti ferðamatinn. Hjóleiðaáætlun er fylgt eftir með reglubundnum hætti og framvinda kynnt á heimasíðu verkefnisins. Á árunum 2024-2025 verður yfirbyggðum, öruggum hjólaskýlum fjölgað í borginni.	Í vinnslu - 2/2 2025	Talningar á hjóleiðamönnum á stígum borgarinnar sýna stöðuga fjölgun. Undantekningin er slæmt veðurfar sem hefur áhrif á samanburð milli mánaða, bæði sumar og vetur. Rafhjólaiðn fer vaxandi og sést það á hjólastígum borgarinnar ásamt fleiri örfælðifaramátum sem ganga fyrir rafmagn. Við hjólastíga kerfi borgarinnar hafa bæst nýir hjólastígar í stofnleiðanet hjóleiða þar sem hjóleiðar eru aðskildar frá gangandi vegfarendum í umferðinni. Tvær nýjar brýr eru í smíðum á stofnstígakerfi göngu- og hjólaleiða um Elliðaárdalinn og sú þriðja í undirbúningi og er hluti af framkvæmdaráætlun samgöngusáttmáls. Settur var af stað vinnuhópur til að búa til leiðbeiningar um uppsetningu á hjóleiðaskýlum í borginni fyrir mismunandi notendahópa. Ákveðið var að setja af stað vinnu við gönguáætlun sambærilega og hjóleiðaáætlun til að efla og tryggja aðgengi gangandi um borgina. Á tímabilinu hafa fleiri nýir hjólastígar verið í undirbúningi úr hjóleiðaáætlun 2021-2025 og samgöngusáttmálanum. Samtal við helstu fulltrúa hjóleiðasamfélagsins um vetrarþjónustu og leiðir til að bæta hana í samvinnu við notendur stígakerfisins. Unnin var skýrslur um hjólaþjófnað í borginni og leiðir til að sporna við því ásamt skýrslu um samgönguleiðir fyrir hjól milli alþjóðaflugvallar um Keflavík og Reykjavíkur. Vinna við nýja hjóleiðaáætlun er hafin með skipan stýrihóps. Nánar um verkefnið.	Loftslagsstefna Hjóleiðaáætlun	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Heilsueflandi samgöngumátar - Borgarlína og betri almenningssamgöngur	Borgarlínan er hágæða almenningssamgöngukerfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Borgarlínan verður með góðar tengingar við aðrar leiðir Strætó, m.a. leiðir sem koma frá nágrannasveitarfélögum. Hún ekur að mestu í sérrými með forgangi á gatnamótum en þannig eykst bæði áreiðanleiki og hagkvæmni. Í skoðun er að auka forgang strætó í umferðinni m.a. með umferðarljósastýringu.	Í vinnslu - 2/2 2030	Tillaga að rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um 1. lotu Borgarlínu og umhverfismatsskýrsla fóru í auglýsingu til umsagnar 14. nóvember 2024. Forhönnun á 1. lotu var lokið að hluta. Útboð fyrir landfyllingu v. Fossvogsbrúar var auglýst. Verkhönnun fyrir Nauthólsveg hófst í byrjun 2025 og framkvæmdir við landfyllingu Reykjavíkurmegin hófust vor 2025. Árið 2025 heldur for- og verkhönnun áfram og framkvæmdir hefjast á hluta lotunnar. Deiliskipulagsvinna heldur áfram samhliða hönnun og samráði. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
Aðgangsstýringar og gjaldbúnaður fyrir bílahús	Unnið er að undirbúningi þess að uppfæra eftirlitskerfi hjá með bifreiðastöðum þannig að það verði skilvirkara og þar með endurskipuleggja tilhögun eftirlits. Með skilvirkara eftirliti er hægt að leggja aukna áherslu á að tryggja að bifreiðastöður skapi ekki hættu eða hindri aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda.	Í vinnslu - 2/2 2025	Innleiðing á fyrsta fasa af þremur á nýjum eftirlitsbúnaði með bifreiðastöðum er lokið. Búnaðurinn hefur verið í notkun frá því á vormánuðum 2025 en enn er unnið að innleiðingu og að auka virkni hans og hagnýtingu.	Loftslagsstefna	USK
Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur	Áhersla áætlunarinnar tengist markmiðum um gönguvæna borg og á að fækka alvarlegum slysum og banaslysum með sérstakri áherslu á að draga úr slysum á bömum. Reykjavíkurborg einsetur sér að taka upp núllsýn á gildistíma áætlunarinnar og að vera fyrirmynd annarra sveitarfélaga í umferðaröryggismálum. Hugmyndafræði núllsýnar byggir á því að enginn eigi að slasast alvarlega eða látast í umferðferðarslysum. Flest alvarleg slys í Reykjavík eru á þeim sem eru gangandi, hjólandi eða ferðast með öðrum virkum hætti. Framfylgd áætlunarinnar er því lykilþáttur í að bæta aðstæður til að ferðast með virkum hætti í borginni. Uppfærsla umferðaröryggisáætlunar verður kláruð á árinu 2024. Upplýsingasíða verður gerð á vef Reykjavíkur um áætlunina, markmið hennar og stöðu þar sem aðgerðir sem unnið er að til að bæta umferðaröryggi í borginni, t.d. lækkun hámarkshraða í borginni verða birtar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Vinna með umferðaröryggismál heldur stöðugt áfram í samræmi við stefnumörkun fráfaramandi umferðaröryggisáætlunar. Vorið 2025 voru kynntar og samþykktar þær aðgerðir sem áætlað er að fara í á árinu 2025. Til skoðunar er líka hvernig hægt sé að fækka alvarlegum slysum tengdum rafhlaupahjólum. Samhliða þessu er unnið að uppfærslu umferðaröryggisáætlunar.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK



Framtíðarsýn Græna plansins
í efnahagsmálum

Vaxandi borg






Framtíðarsýn Græna plansins í efnahagsmálum

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna.

Borg sem setur grænan vöxt í forgang.

Þessi framtíðarsýn er útfærð nánar í þremur lykilstefnum:

- Fjármálastefnu
- Húsnæðisstefnu
- Atvinnu- og nýsköpunarstefnu





Vaxandi borg

Helstu markmið í efnahagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Húsnæði - Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutæki framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur	Aðgerðaáætlun er byggð á fjármálastefnu Reykjavíkurborgar sem lögð er fram með fjárhagsáætlun. Hún tekur mið af því að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmrí tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.	Viðvarandi verkefni	Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025-2029, sem samþykkt var þann 3. desember 2024, eru áfram gerðar ríkar kröfur um aðhald í rekstri. Tekið var upp nýtt verklag þar sem skerpt var á ábyrgð stjórnenda og fagráða að forgangsraða þjónustu og verkefnum innan þess fjárhagslega svigrúms sem til staðar er á komandi rekstrarári. Fjárhagsáætlunin byggir á grunni fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 með skýrum áherslum og markmiðum sem fylgt hefur verið fast eftir. Mælikvarðar fjármálastefnunnar fyrir A-hluta sýna hægfara bata og gert er ráð fyrir að búið verði að ná markmiðum í fjárhagsáætlun ársins.	Fjármálastefna	FAS
Fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar	2024-2028 er gert ráð fyrir að stór hluti af fjárfestingu Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar og dragi þar með úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum og með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.	Viðvarandi verkefni	Unnið er eftir fjárfestingaráætlun ársins sem byggir á þessum áherslum.	Fjárfestingarstefna	FAS
10 ára innviðaaætlun	Unnið er að því að útbúa 10 ára innviðaaætlun sem verður samþykkt með fjárhagsáætlun. Innviðaaætlun lýsir forgangsröðun og tímalínu á uppbyggingu lykilinnviða í Reykjavík á komandi árum. Henni er ætlað að taka inn alla mikilvæga þætti sem auðvelda forgangsröðun á þróunarsvæðum borgarinnar. Innviðaaætlun verður unnin í samvinnu við lykilsamstarfsaðila eins og Veitur, Faxaflóahafnir, Vegagerðina og fleiri. Til skoðunar er að innviðaaætlunin verði hluti af gagnvirku uppbyggingarkorti Reykjavíkurborgar.	Í vinnslu - 2/2 2024	Efla vann matslíkan í lok árs 2022 fyrir uppbyggingarreiti í Reykjavík þar sem horft var vil þess að líkanið gæti lagt mat á samspils kostnaðar við þróun reita, tekna, áhættu, gæða og tækifæra þannig að það nýttist til ákvarðanatöku hjá Reykjavíkurborg. Húsnæðishópur prufukeyrði fyrstu tilraun að líkaninu sem sýndi að vinna þyrfti enn frekar með forsendur og bakvinnslugögn svo að matslíkanið nýtist sem skyldi. Verkefnið hefur ekki farið í frekari vinnslu að svo stöddu. Nánar um verkefnið.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB PON
Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanagerð	Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hjá Reykjavíkurborg byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um stjórnssýslu jafnréttismála nr. 151/2020, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa. Helstu verkefni í tengslum við framkvæmd KFS eru greiningar þjónustupátta, jafnréttisskimanir og jafnréttismöt.	Viðvarandi verkefni	Verkefnastjóri í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlanagerð hætti störfum í maí 2025. Gert er ráð fyrir að starfslýsing verði uppfærði í takt við stefnumiðaða fjárhagsáætlun sem kynjuð fjárhags- og starfsáætlanagerð fellur undir. Fjármála- og áhættustýringarvið vinnur að þeirri breytingu og verður auglýst eftir nýjum sérfræðingi. Starfið verður þá flutt yfir á fjármála- og áhættustýringarsvið. Nánar um verkefnið.	Fjármálastefna Fjárfestingastefna Mannréttinda-stefna	MAR FAS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Húsnæðisáætlun	Í húsnæðisáætlun Reykjavíkur eru sett fram helstu markmið um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í borginni og fjallað um mannfjöldaspár, húsnæðispörf og framboð þjónustu, s.s. hjúkrunarrýma, leik- og grunnskóla. Sagt er frá áætlunum um lóðaúthlutun og greint frá samningum um uppbyggingu á ýmsum reitum sem og vilyrði og viljayfirlýsingar um úthlutun og sölu byggingarréttar. Gerð er grein fyrir fjárframlögum til húsnæðismála, byggingu hagkvæms húsnæðis á viðráðanlegu verði og samvinnu við húsnæðisfélög sem byggja án hagnaðarsjónarmiða. Rætt er um kaupáform Félagsbústaða og uppbyggingu á félagslegu húsnæði, m.a. fyrir fólk með fötlun, aldrað fólk og heimilislaut fólk. Þá er fjallað um verkefni sem miða að því að gera húsnæðisuppbygginguna vistvænni og minnka kolefnisfótspor. Í húsnæðisáætlun eru skilgreindir helstu þættir í ferli húsnæðisuppbyggingar og framþróun hennar fylgt eftir frá upphafi til enda. Ferlinu er fylgt allt frá framtíðar- og þróunarsvæðum í aðalskipulagi, í gegnum deiliskipulagsvinnu, auglýsingu skipulagsáætla og samþykkt og auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda, að byggingarhæfum lóðum, samþykktum áformum um byggingu, íbúðum í byggingu og loks fullgerðum íbúðum. Húsnæðisáætlun hefur mörg undanfarin ár verið uppfærð einu sinni ári, að hausti, og kynnt á árlegum fundi borgarstjóra um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Undanfarin ár hefur staðið yfir færsla yfir í nýtt áætlanagerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og birtist áætlunin því að hluta einnig þar. Væntingar standa til þess að áætlunin verði í framtíðinni einungis gefin út á einum stað. Húsnæðisáætlun er auk þess fylgt eftir með útgáfu ársfjórðungsskýrsla eftir lok hvers ársfjórðungs og eru þær lagðar fyrir borgarráð og aðgengilegar almenningi á vef Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/husnaedi	Í vinnslu - 2/2 2025	Húsnæðisfundur borgarstjóra undir heitinu Byggjum borg fyrir fólk var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur 28. mars 2025. Fjölsóttur fundur sem finna má í upptöku hér: https://reykjavik.is/ibudir Í maí 2025 var húsnæðisáætlun 2025-2034 samþykkt og gefin út. Húsnæðisáætlunina má finna hér: https://reykjavik.is/husnaedi/husnaedisaaetlanir Stafræn útgáfa húsnæðisáætlunar var samþykkt 5. júní og skilað til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Nánar um verkefnið.	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
Grænt húsnæði framtíðarinnar	Verkefni snýr að samstarfi á fimm lóðum til að styðja við uppbyggingu vistvænni mannvirkja þar sem dregið er úr neikvæðum áhrifum á loftslag og umhverfi. Verkefnið er hluti Græna plans Reykjavíkur og tekur mið af aðalskipulagi og loftslagsstefnu en í því er horft heildrænt á efnahagslega-, samfélagslega og umhverfislega sjálfbærni. Lóðimar sem um ræðir eru: Arnarbakki 6, Völvufell 13-23, Völvufell 43, Frakkastígur 1 og Veðurstofureitur.	Í vinnslu - 2/2 2026	Frakkastígur 1 er í uppbyggingu og byggingin farin að taka á sig mynd. Byggingin verður með 55.7 % lægra kolefnispor en viðmiðunarhús og mikið af byggingarefnum eru úr endurnýttum auðlindum. Deiliskipulag fyrir Veðurstofureit var auglýst í B deild. Unnið er að samkeppni varðandi fjölnotahús við Veðurstofuhæð sem er grundvallarþáttur í gildandi deiliskipulagi. Varðandi lóðavilyrði að Arnarbakka 10 eru viðræður enn í gangi við Veðurhæð ehf. Viðræður um lóð við Völvufell tók breytingum í kjölfar breytinga á skipulagi. Vistbyggð ehf. var boðið í viðræður um Völvufell 1-15 í stað upphaflegrar staðsetningar. Nú liggur fyrir afstaða þeirra og hefur félagið ekki hug á því að fá lóðinni úthlutað. Lóðateymi verður falið að útbúa úthlutunarskilmála um lóðina. Nánar um verkefnið.	Aðalskipulag 2040 Húsnæðisstefna Loftslagsáætlun	USK SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lýkilstofna	Svið
Ártúnshöfði	Ártúnshöfði og Elliðaánvogur eru stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur. Áætlað er að í þessum nýja borgarhluta rísi allt að 8000 íbúðir og að þar búi allt að 20.000 borgarbúar. Á fyrstu uppbyggingarsvæðunum er gert ráð fyrir 3500 íbúðum, tveimur grunnskólum og einum safnskóla í bland við blómlega þjónustu- og atvinnustarfsemi við Krossamýrartorg. Hryggjarstykki uppbyggingarinnar er meðfram fyrirhugaðri Borgarlínu sem liggur í gegnum mitt skipulagssvæðið. Áætlun fyrir árin 2024- 2025: Ártúnshöfðinn skiptist í átta deiliskipulagssvæði, búið er að samþykkja deiliskipulag fyrir tvö þeirra. Í bryggjuhverfi er fering yfirstandandi og munu þrjár lóðir verða byggingarhæfar 2024. Á deiliskipulagssvæði 1 er uppbygging á tveimur lóðum hafin, stefnt er að því að íbúar muni flytja inn í fyrstu íbúðirnar árið 2025. Gert er ráð fyrir að fleiri lóðir fari í uppbyggingu á þessu svæði árið 2024. Haldið verður áfram með lagna- og gatnavinnu ásamt yfirborðsfrágangi næstu tvö árin á svæði 1. Vinna við deiliskipulag á næstu svæðum (2, 6 og 7) heldur áfram árið 2024, ásamt hönnun á götum, grænum rýmum og Borgarlínu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Svæði 1: Vinna við gatnagerð og lagnavinnu er komin vel af stað og verklok áætluð júní 2026. Uppbygging íbúða er í fullum gangi. Uppbygging við Krossamýrartorg er í undirbúningi. Svæði 2: Vinna við deiliskipulag fyrsta hluta svæðisins er lokið. Gert er ráð fyrir að klára deiliskipulag fyrir aðra hluta svæðis 2 veturinn 2025/2026. Svæði 6: Vinna við deiliskipulag stendur yfir og verður svæðið skipulagt í áföngum. Svæði 7: Deiliskipulagsvinna við fyrsta áfanga svæðisins er að klárast og næsti áfangi er í undirbúningi.	Aðalskipulag 2040 Hverfisskipulag	USK
Skerjafjörður	Nýi Skerjafjörður er nýtt íbúahverfi sem verður byggt við suðurhluta Reykjavíkurlflugvallar. Í hverfinu verða mismunandi tegundir íbúða fyrir íbúa með ólíkan bakgrunn. Áfram er unnið að undirbúningi móttöku lands frá Ísavia og færslu girðingar til afmörkunar nýjum skipulagsmörkum skv. samþykktu deiliskipulagi. Stefnt er að breikkun núverandi grjótgara við Skerjafjörðinn um mitt ár 2024 til að skapa rými fyrir strætóleið sem tengist við Borgarlínustöð á Fossvogsbrú, hönnunarvinnu er að ljúka og hafinn er undirbúningur útboðs um efni.	Í vinnslu - 2/2 2025	Deiliskipulagið hefur verið samþykkt. Það er hjá skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Hönnunarvinna vegna hjólastíga er í gangi.	Aðalskipulag 2040	USK
Kjalarnes	Aðalskipulagsbreyting fyrir svæðið með loftslagsviðmið í huga verður unnin á árinu 2024. Sett verða m.a. frekari viðmið og leikreglur um skógrækt á bújörðum og landbúnaðarsvæðum og á öðru opnu landi. Enn fremur verði horft til ákvæða um landgræðslu og sett fram markmið um endurheimt votlendis. Markmið og reglur mótaðar á grundvelli stefnu í loftslagsmálum og ná þar til lands í eigu borgarinnar, svo og lands í eigu annarra.	Í vinnslu - 2/2 2024	Starfshópur vinnur að endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og vorið 2025 hófst vinna við hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi og nágrenni. Opnir íbúafundir á vegum aðal- og hverfisskipulags voru haldnir 29.-30. apríl 2025 til að skapa vettvang fyrir samtal, miðlun upplýsinga og virka þátttöku íbúa í mótun framtíðar svæðisins. Stefnt er að því að kynna drög að aðalskipulagsbreytingu og vinnslutillögu hverfisskipulags fyrir árslok 2025.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
Keldur	Keldur og Keldnaholt er byggt upp í samvinnu Reykjavíkurborgar og Betri samgangna. Verkefnið er liður í Samgöngusáttmálanum og miðar að því að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis á Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínu sem fer um hverfið endilangt. Skipulagsvinna fyrir svæðið er í undirbúningi og mun hefjast af fullum krafti á árinu 2024.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skipulagsvinna í Keldnalandi er í fullum gangi og hefur verið síðastliðið ár. Haustið 2024 fór fram kynningar- og samráðsferli til að vekja athygli á verklýsingu aðalskipulags og vinningstillögu ráðgjafa. Opið hús var haldið í Tilraunastöð HÍ að Keldum, gönguferð með leiðsögn um Kálfamóa, kynningarfundur á Borgarbókasafni í Spönginni og sýning á verðlaunatilöggu FOJAB arkitekta. Um þessar mundir stendur yfir næsti fasi kynningar- og samráðsferlis þar sem drög að aðalskipulagsbreytingu, rammahluta og umhverfismati áætlaða eru í kynningu. Opið er fyrir ábendingar og athugasemdir á skipulagsgatt.is til 3. september.	Aðalskipulag 2040	USK BS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Hugmyndaleit að skipulagi fyrir Borgarspítalareit, Sóleyjaríma og Safamýri	Undirbúningur að skipulagi fyrir þessa reiti mun fara fram árin 2024 - 2025. Reitirnir eru í eigu og umsjón borgarinnar og eru reitir þar sem hægt er að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Hugmyndaleit mun eiga sér stað í upphafi árs 2024. Stefnt er að vinnslu deiliskipulags í framhaldi af hugmyndavinnu síðar á árinu 2024 og byrjun árs 2025.	Í vinnslu - 2/2 2025	Fallið var frá því að hafa blandaða byggð á Borgarspítalareit. Skipulagslýsing var auglýst í 2024 en eiginleg deiliskipulagsgerð hófst ekki í framhaldinu. Ákveðið er að koma fyrir nýju geðsviði Landspítala á reitnum. Skipulagslýsing er á lokametrum og verður auglýst í byrjun september 2025. Haldin var hugmyndaleit fyrir Sóleyjaríma reitinn sumrið 2024 og samið var við vinningshafa þeirrar hugmyndaleitar um áframhaldandi deiliskipulagsvinnu. Sú vinna er á lokametrum og er væntanleg í auglýsingu haust 2025. Undirbúningur samkeppni fyrir Safamýrarsvæði hefur ekki hafist. Þar kemur tvennt til, annars vegar möguleg þörf fyrir þetta svæði sem athafnasvæði við framkvæmdir við Miklubrautargöng og hins vegar þéttur verkefnalisti deiliskipulags.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna Hverfisskipulag	USK
Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur	Nýjar lausnir og hugmyndir í húsnæðismálum eru mikilvægar til að hvetja til nýsköpunar og framþróunar í uppbyggingu íbúða. Með verkefninu óskar Reykjavíkurborg eftir hugmyndum til þess að auka framboð af hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Lóðirnar sem um ræðir eru í Úlfarsárdal, á Kjalamesi, í Gufunesi, í Elliðaárdvogi (Bryggjuhverfi), við Stýrimannaskólann, á Veðurstofureit og í Skerjafirði.	Í vinnslu - 2/2 2025	Reykjavíkurborg hóf árið 2018 markvissa sókn í að bjóða upp á hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Verkefnið, sem er hluti af húsnæðisáætlun borgarinnar, tryggir að verðhækkanir íbúða fari ekki umfram vísitölu og að ágóði skili sér til kaupenda. Níu samstarfsaðilar voru valdir eftir opið ferli og hafa nú þegar verið afhentar um 250 íbúðir af þeim 700 sem áætlað er að reisa. Dæmi um verkefni: — Þorpið í Gufunesi (137 íbúðir) — Vaxtarhús við Sjómannaskólareit (60 íbúðir) — Urðarsel í Úlfarsárdal (52 íbúðir) HOOS í Skerjafirði, Investis á Kjalamesi, Variat á Veðurstofuhæð og Bryggjuhverfi III eru í undirbúningi. Markmiðið er að skapa fjölbreyttar lausnir með áherslu á einfaldleika, sjálfbærni og raunverulegt aðgengi ungs fólks að öruggu húsnæði. Í mars 2025 var undirrituð viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir til að auka framboð húsnæðis og flýta uppbyggingu en þar var sérstaklega kveðið á um hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk.	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Reinventing Cities	Reinventing Cities er alþjóðleg samkeppni sem kallar eftir framúrskarandi hugmyndum að uppbyggingarverkefnum, frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Samkeppnin hvetur til hugmynda sem sýna fram á skapandi hugsun og bjarta framtíðarsýn með grænna og vistvænna borgarumhverfi í huga. Reykjavíkurborg bauð fram tvær lóðir í samkeppnina árið 2020, Sævarhöfða 31 og Gufunesbryggju. 2018 voru lóðir við Lágmúla og Malarhöfða boðnar út.	Í vinnslu - 2/2 2026	C40 verkefnin eru enn í vinnslu. Samningar eru enn í vinnslu vegna Sævarhöfða 31 og Gufunesbryggju. Unnið er að deiliskipulagi fyrir Malarhöfða. Lagnir sem fara yfir lóð á Lágmúla verða færðar. Færsla fyrstu lagnar er hafin. Færsla fráveitulagnar mun eiga sér stað samhliða vinnu við Borgarlínu. Í kjölfarið verður hægt að klára deiliskipulag lóðarinnar. Nánar um verkefnið.	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
Lífsgæðakjamar	Á næstu 10 árum gerir borgin ráð fyrir að úthluta lóðum undir 1.100 íbúðir fyrir eldri borgara. Þörfin fyrir slíkt húsnæði er vaxandi en stórir árgangar færast á þriðja æviskeiðið á komandi árum. Á undanförunum árum hafa 465 hjúkrunarrými og íbúðir fyrir aldraða opnað í Reykjavík. Reykjavíkurborg auglýsti vorið 2023 eftir samstarfsaðilum og hugmyndum tengdum lífsgæðakjörnum, sem er uppbygging húsnæðis í þágu eldri borgara. Markmiðið er að lífsgæðakjarnarnir séu vel staðsettir í borginni miðað við þróunarsvæði og tengingu við samgöngur. Viðbrögð við auglýsingunni voru góð og bárust 23 svör. Unnið verður áfram í samskiptum við þessa aðila. Hluti erinda voru hugmyndir sem tengdust verkefninu, ýmis samtök og stofnanir lýstu áhuga á samstarfi og einnig bárust allnokkur erindi frá lóðarhöfum sem vilja byggja upp í anda hugmynda um lífsgæðakjama á sínum lóðum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Á liðnu ári hefur skipulagsvinna og þróun á völdum reitum haldið áfram, í samræmi við undirritaðar viljayfirlýsingar frá því í maí 2024 og erindisbréf starfshóps um svæði í forgangi. Skipulagsforsendur fyrir þróun og uppbyggingu lífsgæðakjarna voru samþykkar undir lok árs 2024, sem skilgreindu hvað hugtakið lífsgæðakjarnar felur í sér á vegum Reykjavíkurborgar og er liður í því að meta fýsileika þess að byggja upp lífsgæðakjarna á tilteknum lóðum. Forsendurnar voru unnar í þétta samráði við uppbyggingaraðila og þverfagleg teymi innan borgarinnar. Þorpið Vistfélag féllu frá verkefninu snemma árs 2025. Breyting á deiliskipulagi var auglýst vorið 2025, til að heimila starfsemi hjúkrunarheimilis í núverandi byggingu við Nauthólsveg 50, sem er liður í þróun Loftleiðasvæðis Reita. Lífsgæðakjarnar í þróun eru eftirfarandi: • Klasi - Breiðhöfði 10 og Norður-Mjódd • Þingvangur – Köllunarklettsvegur 3 • Reitir - Loftleiðasvæðið við Nauthólsveg	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	USK SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Vatnsmýri - Vísindaþorp	„Vísindaþorpið í Vatnsmýrinni“ eða „Reykjavík Science City“ er samstarfsvettvangur Reykjavíkurborgar, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landspítala háskólasjúkrahúss, Vísindagarða Háskóla Íslands og Íslandssstofu. Unnið er að því að í Vísindaþorpinu þróist áfram sem þungamiðja þekkingarhagkerfisins á Íslandi þar sem núverandi aðilar, nýjar rannsóknarstofnanir og öflug þekkingarfyrirtæki eigi með sér samstarf og vinni saman að markaðssetningu svæðisins sem leiði til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa.	Í vinnslu - 2/2 2025	Reykjavík Science City verkefnið hefur lagt sérstaka áherslu á lífvísindi í markaðssetningu þessa árs. Skýrsla um lífvísindi á Íslandi var unnin á árinu sem sýnir greinilegan vöxt atvinnugreina rinnar. Skrífað var undir samstarfssamning við Stockholm Science City en norðurlöndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta þegar kemur að því að efla nýsköpun, vísindi og sjálfbærni. Einnig var unnið myndband sem sýnir hvemig Vatnsmýrin mun breytast í náinni framtíð með tilkomu borgarlínu. Innviðahópurinn hefur hist og rætt samgönguinnviði svæðisins, stýringu nýtingar bílastæða og hvernig megi styðja við notkun grænna samganga á svæðinu. Einnig var þátttaka aðila í ICEWATER verkefninu samþykkt og fékkst sá styrkur sem felur m.a. í sér að gerðar verða leiðbeiningar varðandi blágrænar ofanvatnslausnir fyrir framkvæmdir á svæðinu.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
Gufunes - Þorp skapandi greina	Gufunes er eitt áhugaverðasta þróunarsvæði landsins. Þar er unnið að þróun á skapandi þorpi þar sem saman blandast ýmis skapandi starfsemi og um 700 íbúðir. Markmiðið er að byggja upp svæði þar sem umhverfisgæði og staðarandi setja rammann fyrir íbúðabyggingu. Kvikmyndaiðnaðurinn blómstrar nú þegar á svæðinu en RVK Studios eru t.a.m. með sínar höfuðstöðvar á svæðinu og hafa byggt upp kvikmyndaver í skemmu sem nýttist áður undir starfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins. Kukl sem sérhæfir sig í tækjaleigu til kvikmyndaiðnaðarins og fjöldi annarra kvikmyndatengdra fyrirtækja eru einnig með starfsemi sína í Gufunesi.	Í vinnslu - 2/2 2025	Áfangi 1 Uppbygging íbúða er vel á veg komin á hluta svæðisins og deiliskipulagsgerð á síðustu lóðunum er á tillögunum. Vinna við gatnagerð og lagnavinnu er komin vel á veg samhliða uppbyggingu íbúða og nú þegar eru margir íbúar fluttir inn og nýtt samfélag í Gufunesi því í mótnun. Áfangi 2 og 3 Búið er að móta rammaskipulag fyrir áfanga 2 og 3 sem er stefnumótandi framtíðarsýn um heildaryfirbragð svæðisins. Lóðaúthlutun er í vinnslu og unnið var með RVK Studios og True North að möguleikum á stækkun á kvikmyndaveri í Gufunesi samhliða viðræðum við Vesturport sem hefur fengið lóðavilyrði fyrir lóð á svæðinu. Deiliskipulagsgerð á mörgum lóðum í 2 og 3 áfanga er á tillögunum. Sjóundsskýlið Katla var opnað við Gufunesbryggju í maí 2024 og er það hannað af fyrsta árs nemum í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Nýr sundstaður í Gufunesi er kærkomin viðbót í strand- og vatnamenninguna í Reykjavík og tengist verkefnið niðurstöðum skýrslu um haftengda útivist sem lesa má meira um hér: https://reykjavik.is/graena-planid/haftengd-utivist Borgarráð samþykkti tillögu fjármála- og áhættustýringasviðs 3. febrúar 2025 um að selja Gufunesveg 40. Nánar um verkefnið.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Miðborgin	Á komandi árum mun miðborgin þróast áfram með tilheyrandi áhrifum á umhverfi hennar og mannlíf. Á meðal stærstu verkefna komandi ára verður þróun Laugarvegjar í göngugötu allt árið, fjölgun á göngugötum í Kvosinni, uppbygging á nýju borgartorgi við Hlemm og þá mun Borgarlínan fara um Hverfisgötu og Lækjargötu. Auk þess vinnur samstarfshópur að því að skapa aukna yfirsýn yfir málefni miðborgar, stuðla að markvissri upplýsingamiðlun um þau og efla samvinnu og samráð milli hagaðila og sviða borgarinnar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Þróun göngugötu Laugavegs og nágrennis er á ágætri leið. Framkvæmdir við Vatnsstíg sem göngugötu eru í gangi og gert er ráð fyrir að þeim ljúki á þessu ári. Hönnun aðlögunar að göngugötu við Vegamótastíg frá Grettisgötu er lokið en óljóst er hvort unnt verður að framkvæma það í ár eða hvort það biður ársins 2026. Ásýnd göngugötuhluta Skólavörðustígs var bætt sumarið 2025. Forhönnun göngu- og vistgatna í Kvosinni er á döfinni í samvinnu við Veitur. Stefna Reykjavíkur í málefnum miðborgar þarfnast heildarendurnýjunar og til að leggja grunninn í þá vinnu var viðhorf íbúa til miðborgar var kannað. Eiginleg stefnumótunarvinna er ekki hafin. Samstarfshópur í málefnum miðborgar er skipaður til ársloka 2025 og endumýja þarf umboð hans. Tengdir vinnuhópar s.s. um vörudreifingu og aðgengismál hittast og fundað hefur verið með stjórn íbúasamtaka miðborgarinnar. Gerður var sérstakur samningur við Markaðsfélag miðborgarinnar og hafa rekstaraðilar í miðborginni eftir samstarf sitt í gegnum félagið. Sérstakt átak var gert til að efla Jólaborgina, bæði með búnaði til að bæta heildarupplifun og einnig var sett fé í ímyndarauglýsingar. Áfangastaðurinn Hallgrímskirkja er eftirsóttur og var farið í samráð með ferðaþjónustu, íbúum og öðrum hagaðilum til að skoða lausnir. Gerð var könnun og var í framhaldi ákveðið að færa stoppistöðvar vegna ferða annað. Samtal var einnig um rútustæði á Miðbakka með þátttöku Faxaflóahafna, skipulagssviði og Markaðsstofu. Unnið var í að finna framtíðarlausn fyrir almenningssmarkað í miðborginni. Reykjavíkurborg fékk áframhaldandi samning við ríkið um Kolaportið og í framhaldinu reksturinn út. Götubiti ehf. var með hlutskarpasta tilboðið og hefur tekið við rekstri Kolaportsins.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
Ný atvinnusvæði: Esjumelar, Álfsnes, Hólmsheiði	Öflugt atvinnulíf er forsenda þess að borgin vaxi og dafni. Í Reykjavík eru helstu atvinnusvæði á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu, hvort sem litið er til starfsemi á sviði hátækni og þekkingar, háskóla, fjármála, verslunar og þjónustu, opinberrar stjórnsýslu, menningar og lista, ferðaþjónustu, flutninga eða iðnaðar. Uppbygging nýrra athafnasvæða á sér stað m.a. á Esjumelum, Álfsnesi og Hólmsheiði.	Í vinnslu - 2/2 2025	Esjumelar: Lóðir að Bronsslétta 1 og 5 og Norðurgrafarvegi 3 eru til sölu og talsverðir möguleikar til stækkunar athafnasvæðisins. Bronsslétta 3 er seld en lítil áhugi á lóðum á svæðinu. Álfsnes: Ráðgjafateymi Nordic Office of Architecture og Eflu vinnur þróunaráætlun og rammaskipulag. Fyrirtæki og stofnanir sýna svæðinu áhuga. Hólmsheiði: Nýtt deiliskipulag fyrir 2. áfanga á athafnasvæði á Hólmsheiði samþykkt í júlí 2025. Til skoðunar hvort hægt verði að bæta við fleiri lóðum í framtíðinni en mikilvægt að klára undirbúningsvinnu og rannsóknir vel vegna mögulegra áhrifa á vatnafar. Miðill áhugi er á lóðum á svæðinu.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verðlok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Sameiginlegur skilningur Reykjavíkurborgar og atvinnulífs	Efla þarf virkt samtal og auka upplýsingamiðlun á milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins til að byggja sameiginlega framtíðarsýn. Þetta verður m.a. gert með því að efna til atvinnulífsfunda þar sem borgin og atvinnulífið ræða saman um sameiginlegar áskoranir og tækifæri. Unnið verður að bættri miðlun til atvinnulífs, fyrirtækja og frumkvöðla um þróun borgarinnar, framkvæmdir og áætlanir. Auk þess þarf að skilgreina fyrsta snertipunkt borgarinnar fyrir fyrirtæki sem vilja hefja starfsemi í borginni, stækka eða þróast.	Lokið - 2/2 2024	Atvinnu- og borgarþróunarteymi var lagt niður í maí 2025 en það hafði verið skilgreint sem fyrsti snertipunktur fyrir fyrirtæki hjá borginni með pósthfangið athafnaborgin@reykjavik.is. Frá því í maí hefur verið unnið í að finna þessum verkefnum farveg innan nýs skipulags. Atvinnulífsfundur sem var haldinn 2024 var ekki haldinn aftur 2025 en þar átti sér samtal um sameiginlega framtíðarsýn atvinnulífs, borgarinnar, verkalýðshreyfinga, háskólanna og nýsköpunarsamfélagsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort slíkur fundur verður haldinn 2026.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB
Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar	Við viljum efla nýsköpunarmenningu hjá Reykjavíkurborg og bæta þjónustu við fyrirtæki og frumkvöðla með því að gera hana einfaldari, stafrænni, aðgengilegri og fyrirsjáanlegri og byggja upp trausta og skilvirka innviði í takt við þarfir atvinnulífs og nýsköpunarsamfélags. Þetta gerum við m.a. við að styðja við Iceland Innovation Week, skilgreina að hluta fjármagns starfseininga verði varið til umbóta- og nýsköpunarverkefna, endurskoða umgjörð innkaupamála með það að markmiði að bæta skapa tækifæri fyrir fleiri aðila, bæta þjónustu við fyrirtæki með rafrænum umsóknarferlum.	Lokið - 2/2 2024	Reykjavíkurborg hefur eftt samstarf við lykilaðila nýsköpunar með endurnýjuðum samningum og virkri þátttöku í verkefnum. Samningar voru kláraðir við Háskóla Íslands um Snjallræði og borgin tekur þátt í stýrihópi hraðalsins. Samningar voru einnig endurskoðaðir og endurnýjaðir við Innovation Week og samþykktir í borgarráði. Borgin tók virkan þátt í hátíðinni með eigin viðburði, miðlun og stuðningi. Haldið var áfram samstarfi við Climate-KIC með nýsköpunarvinnustofunni Supply-demand workshop, sem leiddi af sér skýrslu og framhaldsaðgerðir. Einnig tók borgin þátt í Hugmyndahraðhlaupi háskólanna með áskorun og ráðgjöf, og átti fulltrúa í stýrihópum Gulleggsins og Hringiðu.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB
Fleiri stoðir verðmætasköpunar	Við viljum að fyrirtæki og frumkvöðlar geti fengið brautargengi fyrir hugmyndir sínar og laðað til sín hæfileikaríkt fólk og fjármagn. Sérstök áhersla verður lögð á hugvitsdrifinn útflutning, skapandi greinar og verkefni á sviði græns vaxtar. Við vinnum t.d. náið með hagaðilum að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjarna í Miðborg, Vatnsmýri, Gufunesi og Álfsnesi. Við ætlum að móta framtíðarumgjörð um rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf Reykjavíkurborgar, skilgreina aðkomu að frumkvöðla- og þekkingarsetrum og hvernig borgin tekur þátt í klasastarfsemi. Við hlúum að íbúum Reykjavíkur með því að tryggja aðgang að góðri menntun, veita þjálfun til að takast á við breytt atvinnulíf og efla alþjóðlega samkeppnishæfni borgarinnar með því að laða til okkar hæfileikaríkt fólk frá öllum heimshornum. Við hlúum að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum.	Lokið - 2/2 2024	Áfram er unnið að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjarna í Reykjavík. Sjá nánar um Miðborg, Vatnsmýri, Gufunes og Álfsnes í kafla 3 Ný atvinnutækifæri framtíðar. Unnið hefur verið áfram með framtíðarumgjörð um rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf Reykjavíkurborgar og er ítarleg handbók verkefna í mótun og verður kynnt í viðeigandi ráðum. Reykjavíkurborg er með samning við Rannsóknarmiðstöð Íslands um stuðning við Nýsköpunarsjóð námsmanna sem ýtir undir að nemendur við háskóla landsins horfi til borgarinnar þegar þeir leita sér að spennandi og krefjandi verkefnum sjálfum sér og borginni til heilla. Reykjavíkurborg hefur tekið virkan þátt í klasastarfsemi og er m.a. aðildarfélagi að Orkuklasa, Fjártækniklasa og Ferðaklasa.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Sögur úr athafnalífi í Reykjavík	Með innlendri og alþjóðlegri markaðssetningu viljum við draga fram frábærar sögur úr fjölbreyttu athafnalífi í Reykjavík sem geta vakið innblástur og styrkt ímynd borgarinnar. Sterk ímynd gerir borgina eftirsóknarverðari og laðar að fjármagn, ný fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk til búsetu, heimsóknar og athafna.	Lokið - 2/2 2024	Reykjavíkurborg tók í ár þátt í Startup Guide Reykjavík, alþjóðlegri ritröð sem kynnir nýsköpunarvistikkerfi yfir 60 borga og veitir frumkvöðlum leiðsögn, innblástur og aðgang að lykilaðilum í nýsköpun. Leiðarinn inniheldur ítarlegar upplýsingar um frumkvöðla, fjárfesta, nýsköpunarverkefni og ráðgjöf frá sérfræðingum í Reykjavík. Útgáfuhólf Explorer Series: Reykjavík var haldið á Iceland Innovation Week 2025 í samstarfi við Íslandsstofu, Reykjavík Science City og Iceland Innovation Week. Þátttaka borgarinnar í verkefninu styrkir sýnileika Reykjavíkur sem lífandi nýsköpunarborgar og eflir tengingar við alþjóðlegt frumkvöðlasamfélag. Reykjavíkurborg hefur tekið virkan þátt í markaðsstarfi Reykjavík Science City sem hefur lagt áherslu á lífvisindi árið 2025, skýrslan er aðgengileg hér https://www.islandsstofa.is/frettir/islensk-lifvisindi-a-spennandi-timamotum	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB
Grænn vöxtur	Við ætlum okkur að verða kolefnishlutlaus 2030. Í því felast áskoranir sem þarfnast skapandi lausna sem nýtast bæði í Reykjavík, á Íslandi og fyrir heiminn allan. Við þurfum að tryggja að við grípum þau tækifæri sem skapast. Borgin vill hvetja og styðja við græn nýsköpunarverkefni, hraðla og þekkingarsetur, efla hringrásarkerfið t.d. með því að skipuleggja hringrásariðngarð á Álfsnesi, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum atvinnulífs borgarinnar og fjölga atvinnutækifærum nálægt sjálfbærum samgöngum.	Í vinnslu - 2/2 2026	Unnið er að þróunaráætlun og rammaskipulagi fyrir Hringrásargarðinn á Álfsnesi. Loftslagsborgarsamningur inniheldur ákvæði um samstarf við fyrirtæki í Reykjavík til að vinna að kolefnishlutleysi árið 2030. Aðgerð með ferðaþjónustu hefur verið mótuð og verið er að vinna að aðgerð með Festu, miðstöð um sjálfbærni fyrir fyrirtæki þvert á atvinnugreinir. Reykjavíkurborg er áfram bakhjarl Snjallræðis og Hringiðu og á fulltrúa í stýrihóp, leggur til mentor auk þess sem borgarstjóri hélt erindi fyrir helstu fjárfesta landsins á lokaðegi Hringiðu í maí 2025.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB
Engin skilin eftir	Græna umbreytingin verður byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Við viljum rækta nútímalegt samfélag þar sem ávinningi tækniframfara er dreift með sanngjörnum hætti. Í Reykjavík geta allir fundið farveg fyrir hugmyndir sínar og tekið virkan þátt í atvinnulífi og nýsköpun. Við vinnum markvisst að inngildingu þar sem fólk hefur sömu tækifæri, óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs- eða stjórnmálaskoðunum, trúleysi, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgerð, heilsufari, atgervi eða annarri stöðu.	Lokið - 2/2 2024	Reykjavíkurborg hefur stuðlað að því að fjölga fyrirtækjum og frumkvöðlaverkefnum með einstaklingum af erlendum uppruna á ýmsan hátt. Dæmi um verkefni er styrkur borgarinnar til Reykjavík food festival og útboð á rekstri Kolaportsins þar sem voru áherslur á að gefa minni aðilum og frumkvöðlum vettvang til að þróa viðskiptahugmyndir.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB



Framtíðarsýn Græna plansins
í samfélagsmálum

Borg fyrir fólk





Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarþúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir. Reykjavík okkar allra.

Þessi framtíðarsýn er útfærð nánar í sex lykilstefnum:

v

- Íþróttastefnu
- Menntastefnu
- Menningarstefnu
- Mannréttindastefnu
- Velferðarstefnu
- Lýðheilsustefnu



Borg fyrir fólk

Helstu markmið í samfélagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Fræðsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem styður við áherslur velferðarstefnu borgarinnar	Fræðslan verður fyrir allt starfsfólk velferðarsviðs þar sem lögð er áhersla á notendamiðaða hönnun, menningarnæmi og þjónustumenningu. Fræðslan er lykilaðgerð til að ná fram markmiðum velferðarstefnu og til að breyta þjónustumenningu sviðsins. Fræðslan styður við fjórar stefnuáherslur velferðarstefnu: 1) Engin tvö eru eins, 2) virðing og umhyggja, 3) frumkvæði og forvarnir og 4) fagmennska og framsýni.	Lokið - 1/2 2024	Aðgerð er lokið. Torgið, fræðslukerfi borgarinnar, var opnað á velferðarsviði í júní 2023.	Velferðarstefna	VEL
Efla notkun rafrænna lausna í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar	Auka á nýtingu stafrænna lausna með það að markmiði að bæta upplifun notenda, einfalda innri ferla og nýta gögn í þágu notenda þjónustunnar. Með það að markmiði á að endurnýja grunnkerfi velferðarsviðs og tryggja samþættingu milli þeirra.	Í vinnslu - 2/2 2025	Rafræn miðstöð og þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) vinna að margvíslegum verkefnum sem snúa að endurnýjun grunnkerfa og eflingu stafrænna lausna. Meðal verkefna sem eru í gangi í dag eru innleiðing Dala.Care og þróun tölvukerfanna Ráðgjafans og Veitu. Veita hefur verið innleidd fyrir fjárhagsaðstoðar- og akstursþjónustuumsóknir. Áætlað er að Dala.Care verði innleitt í árslok 2025. Notendur geta sótt um alla þjónustu á Mínun síðum en við biðum eftir Ráðgjafanum til að notendur geti séð frekari upplýsingar um sín mál þar. Áætlað er að Ráðgjafiinn verði kominn í gagnið sem málaskrá velferðarsviðs í stað HCL Notes árið 2029. Jafnframt eru í gangi prófunarverkefni með ýmsar velferðartæknilausnir t.d. Dignio og Habbie.	Velferðarstefna	VEL PON
Endurskoðun skipulags velferðarsviðs	Skipulag velferðarsviðs verður einfaldað með það að markmiði að geta betur mætt sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkri þjónustu. Verður það gert með því að: - Efla hlutverk fagskrifstofa velferðarsviðs með það að markmiði að auka gæðastýringu, samhæfingu og eftirlit með þjónustuveitingu. Þessu verkefni skal lokið fyrir árslok 2024. - Verkefnið Betri borg fyrir börn verður yfirfært á fjögur þjónustusvæði í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Þessu verkefni skal lokið fyrir árslok 2022. - Sérhæfð teymi sett á laggirnar sem sinna veigamiklum málaflokkum þvert á velferðarsvið. Þessu verkefni skal lokið fyrir árslok 2022. Skipurit þjónustumiðstöðva verður endurskoðuð með áherslu á samræmingu á milli hverfa.	Í vinnslu - 2/2 2024	Aðgerðum er lokið og yfirstandandi er áframhaldandi hugmyndavinna vegna aukinnar gæðastýringar, samhæfingar og eftirlits á þeim skrifstofum sem veita stoðþjónustu. Hluti af þeim skipulagsbreytingum sem ráðist var í við innleiðingu velferðarstefnunnar var að auka eftirlitshlutverk fagskrifstofa VEL (skrifstofur málefna fatlaðs fólks, öldrunarmála og ráðgjafar). Meðal annars var ráðið í tvö stöðugildi til eins árs með styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, til að sinna eftirliti og úttektum í málaflokki fatlaðs fólks. Betri borg fyrir börn hefur verið yfirfært á öll þjónustusvæði í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Eftirfarandi sérhæfð teymi voru sett á laggirnar sem sinna veigamiklum málaflokkum þvert á velferðarsvið: Vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR) sem sinnir þjónustu við heimilislaust fólk, Keðjan stuðningsþjónusta fyrir börn, Alþjóðateymi, Virkniús og Teymi um farsæld barna. Í byrjun árs 2025 voru gerðar stjórnskipulagsbreytingar í þjónustu við fatlað fólk. Þjónusta og rekstur málaflokksins var færður frá miðstöðvum til miðlægrar skrifstofu í Borgartúni. Markmið breytinganna var meðal annars að auka gæði þjónustu við fatlað fólk og stuðla að aukinni skilvirkni við framkvæmd þjónustu með betri nýtingu fjármagns og mannauðs. Vinna er hafin við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar velferðarstefnu sem mun fela í sér áframhaldandi áherslu á skilvirka, notendavæna og heildstæða velferðarþjónustu.	Velferðarstefna	VEL

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Skilgreina og mæla reglubundið þjónustupætti velferðarsviðs	Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni við skipulagningu þjónustunnar og hafðir með í ráðum með virku notendasamráði. Aðgerðir: — Gera aðgengiskönnun meðal notenda velferðarsviðs reglulega — Skilgreina þjónustupætti sem verða mældir reglulega — Sjálfvirkni í notendakönnunum	Í vinnslu - 2/2 2026	Nýr kannanahugbúnaður, Qualtrics, samræmdur fyrir öll svið Reykjavíkurborgar, hefur verið innleiddur á velferðarsviði. Þjónustu- og aðgengiskönnun velferðarsviðs hefur verið framkvæmd þrisvar (2021, 2023 og 2025). Búið er að skilgreina helstu þjónustupætti sem verða mældir reglulega með könnunum á meðal notenda. Þjónustu- og nýsköpunarstefna er með sjálfvirkar mælingar í kjölfar umsókna um almennt félagslegt húsnæði, heimastuðning og sérstakan heimilisstuðning á Mínum síðum. Undirbúningur sjálfvirkra kannana meðal notenda í kjölfar þjónustuveitingar mun hefjast 2026 samhliða þróun í nýtingu stafrænna lausna.	Velferðarstefna	VEL
Auka valdeflingu notenda velferðarsviðs	Skilgreina þjónustupætti velferðarþjónustunnar og samspil þeirra við þjónustu lykilsamstarfsaðila innan og utan Reykjavíkurborgar, með það að markmiði að þjónustan sé heildstæð og samfelld fyrir notendur. Aðgerðir sem munu ýta undir valdeflingu notenda: — Auka fjölbreytni og valkosti notenda innan virkni- og endurhæfingarúrræða velferðarsviðs. — Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar fyrir fólk á fjárhagsaðstoð	Í vinnslu - 2/2 2025	Virknihús heldur nú í fyrsta sinn utan um undirbúningshóp fyrir Grettistak í kjölfar uppsagnar samnings borgarinnar við SÁÁ. Um er að ræða fimm vikna dagskrá, áður en þátttaka í Grettistaki hefst. Áfram verður boðið upp á námskeið á ensku í Atvinnu og virknimiðlun og hópastarf á ensku í TINN U. Það sem af er af árinu (til miðs september 2024) hafa verið gerðir starfsþjálfunarsamningar fyrir 92 einstaklinga. Í starfsþjálfunarsamningi felst að fyrirtæki gera samning um að ráða einstakling, í ákveðinn fjölda mánaða, sem nýtur fjárhagsaðstoðar til framfærslu og fyrirtækin fá í staðinn ígildi fjárhagsaðstoðarinnar mánaðarlega í ráðningastyrk	Velferðarstefna	VEL
Lágþröskulda-þjónusta	Skilgreina og koma á lágþröskuldapjónustu við börn og fjölskyldur þar sem því verður við komið í samræmi við stefnu ríkisins um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Í vinnslu - 1/2 2025	Skilgreining lágþröskuldapjónustu var gerð í gegnum verkferla sem unnir voru heildstætt með aðilum þjónustustiganna og samþykktir á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs í febrúar 2024. Við tók eftirfylgd veturinn 2024-2025. Vinnustofa var haldin með öllum lykilstjóðendum Betri borgar fyrir börn í júní 2025. Eftirfylgd mun ljúka með vinnustofu með ráðgjöfum Betri borgar fyrir börn sem haldin verður í byrjun október 2025 en áfram verða reglulegir fundir verkefnastjóra farsældar með hlutaðeigandi aðilum.	Velferðarstefna	VEL

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Efla forvarnir	Endurnýja stefnu í forvaramálum fyrir Reykjavíkurborg. Stefnan verði unnin í þverfaglegu samstarfi við þá aðila innan borgarinnar sem koma að þjónustu við börn og unglinga.	Lokið - 1/2 2024	Stefnan hefur verið samþykkt. Nánar um verkefnið.	Lýðheilsustefna	VEL SFS ÍTR SBB
Efla gagnadrifna ákvarðanatöku innan velferðarsviðs	Gera reglulegar spár um þróun samfélagshópa og meta þannig þörf fyrir þjónustu velferðarsviðs og gera langtíma kostnaðaráætlanir. Setja á lagginnar mælaborð sem birtir í rauntíma tölfraði um þjónustu velferðarsviðs og ánægju notenda með hana.	Í vinnslu - 2/2 2025	Tölfraðimælaborð eru í sífelldri þróun og nú eru til staðar mælaborð um þjónustu við flóttafólk, heimilislaust fólk, umsóknir, húsnaði og skólaþjónustu. Mælaborð um fjárhagsaðstoð og þjónustu við fólk í heimahúsum eru í vinnslu. Mælaborðin eru aðgengileg öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar. Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefur unnið að því síðan 2023 að færa öll gögn velferðarsviðs yfir í nýjan gagnagrunn og vöruhús gagna, sem á að uppfærast sjálfkrafa til að hægt verði að tengja gögnin við mælaborð og sýna raunstöðu. Í dag eru notaðar eldri tengingar í þessa vinnu sem eiga að fjara út í framtíðinni. Enn sem komið er sýna mælaborðin ekki ánægju notenda með þjónustuna en undirbúningur að slíkri útfærslu mun hefjast 2026. Nánar um verkefnið.	Velferðarstefna	VEL
Auka margbreytileika í hópi starfsfólks velferðarsviðs	Endurskoða hæfniskröfur vegna starfa á velferðarsviði með það að markmiði að útrýma hindrunum fyrir fólk af erlendum uppruna. Aðgerðir til að ná þeim markmiðum: - Tryggja að starfsfólk af erlendum uppruna hafi kost á því að sækja sér íslenskukennslu - Auka áherslu á ráðningar starfsfólks með tungumálakunnáttu sem nýtist í störfum sem fela í sér bein samskipti við notendur - Auka ráðningar fólks af erlendum uppruna og í ábyrgðar- og sérfræðistöður	Í vinnslu - 2/2 2025	Aðgerð er að mestu lokið. Fjölbreytt íslenskukennsla er í boði fyrir starfsfólk því að kostnaðarlausu. Einnig geta allir stjórnendur óskað eftir íslenskunámskeiði á sínum starfsstöðvum, viðkomandi stofnun að kostnaðarlausu, þar sem áherslan er lögð á vinnutengdan orðaforða. Miðlæg mannauðsþjónusta sér um styrkumsóknir fyrir starfsstaði. Mannauðsráðgjafar eru mjög meðvitaðir um þessa aðgerð og taka samtal reglulega við stjórnendur varðandi öll tækifæri sem gefast til að ráða starfsfólk af erlendum uppruna í ábyrgðar- og sérfræðistöður. Ekki er unnt að kalla fram með einföldum hætti tölfraði um fjölda fólks af erlendum uppruna í slíkar stöður úr því kerfi sem heldur utan um ráðningar á sviðinu. Unnið er að lausn. Nánar um verkefnið.	Velferðarstefna	VEL
Innleiðing aðgerða matarstefnu	Matarstefna borgarinnar fléttast inn í ýmsa þætti líkt og borgarumhverfi, umhverfisvernd og heilsuefningu. Með aðgerðaráætlun matarstefnu er stuðlað að þróun og mótun samfélagsins í sátt við umhverfi og heilsu. Meginmarkmið með innleiðingu aðgerða matarstefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga sem og því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar sjálfbærni og hagkvæmni þar sem við á. Aðgerðir matarstefnu stuðla einnig að lifandi grænu samfélagi, bættu fæðuöryggi og aðgengi að næringarríkum mat.	Í vinnslu - 2/2 2025	Búið er að vinna drög að nýrri matarstefnu auk aðgerðaráætlun. Áætlað er að vinnu við verkefnið verði lokið á næstunni. Nánar um verkefnið.	Matarstefna	VEL SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Fræðsla og ráðgjöf um loftslagsmál og umhverfi fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi	Stofna starfshóp um fræðslu í umhverfis- og loftslagsmálum. Stuðla markvisst að allsherjarvitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Að setja upp símenntunaráætlun fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur varðandi loftslagsmál með það að markmiði að gera loftslagsmálum betri skil í kennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Að setja upp fræðsluáætlun í loftslagsmálum fyrir starfsfólk leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk alls starfsfólks mótuneyta í skóla- og frístundastarfi.	Lokið - 2/2 2024	Starfshópur var stofnaður. Gerður var samningur um fræðslumál við Landvernd. Samningurinn fékk ekki fjármögnun. Gerðar voru notendaprófanir á námsefni um umhverfis- og sjálfbærnimál sem komu vel út. Náms efnið fékk ekki fjármögnun. Starfshópur hefur verið lagður niður. Nánar um verkefnið.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
Draga úr kolefnisspori – Innleiðing grænskjáa í grunnskólum	Hluti af samstarfsverkefninu Vitundarvakning um loftslagsmál í grunnskólum snýst m.a. um að gera aðgengileg gögn um vistspor skóla, fræðslu um umhverfismál tiltekins skóla fyrir alla til að lesa og greina. Upplýsingar eru settar fram um kolefnislosun skólans ásamt undirliggjandi orsökum hennar, t.d. rafmagnsnotkun, samgöngur og úrgangsmýndun. Ávinningur verkefnisins er margbættur en lítur einna helst að styrkingu skólabama í gagnadrifnu umhverfislæsi og getu þeirra til að hugsa um loftslags- og umhverfismál á gagnrýnninn, upplýstan, og skýran hátt.	Lokið - 2/2 2024	Allir skólar geta nýtt sér kerfið. Boðið var upp á námskeið í að vinna með kerfið sem heldur utan um vistspor skóla á sumarsmiðjum kennara í ágúst. Námskeiðið var felld niður vegna þátttökuleysis. Aðgangur að kerfinu fer í gegnum miðstöð útivistar og útináms. Koma þarf aðgangsstýringu að kerfinu í hendur þjónustu- og nýsköpunarsviðs, en til þess þarf fjármagn. Fræðsluefni tengt kerfinu og nýting á því var inn í samningi við Landvernd sem ekki hefur verið fjármagnaður. Skólastjórum og aðstoðarskólastjórum leik- og grunnskóla hefur verið boðin aðgangur að kerfinu eins og það er í dag. Nánar um verkefnið.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
Ráðgjöf og starfsþróun fyrir starfsfólk skóla- og frístundastarfs	Áfram verður unnið að því að efla þekkingu og færni starfsfólks í skóla- og frístundastarfi til að vinna að stafrænni vegferð og inngildandi tækni í skóla- og frístundastarfi með börnum. Sérstök áhersla er lögð á fjölbreytt náms- og kennslugögn fyrir sérúrræði, eins og einhverfudeildir og íslenskuver.	Lokið - 2/2 2024	Framboð á starfsþróun jókst mikið á árinu og fræðslu- og stuðningsefni hefur verið útbúið. Mixtúra stóð fyrir um 130 viðburðum fyrir um 1900 þátttakendur. Margvíslegt samstarf við MVS HÍ um starfsþróun, þróunarverkefni og rannsóknir jókst einnig. Nánar um verkefnið.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
Heilsueflandi skóla- og frístundastarf	Markmiðið er að allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði heilsueflandi starfsstaðir, unnið í samstarfi við Embætti landlæknis. Sérstaklega verður hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan með markvissum aðgerðum. Lögð áhersla á að bæta svefn unglinga með því að láta skóladaginn hefjast síðar á degi hverjum.	Lokið - 2/2 2025	Stöðulýsing í árslok 2024: Fræðsla um heilsueflandi grunnskóla var haldin á sumarsmiðjum grunnskólakennara í ágúst 2024. Samkvæmt skráningu hjá Embætti Landlæknis eru 30 grunnskólar og 37 leikskólar borgarinnar skráðir Heilsueflandi skólar. Samþykkt var í skóla- og frístundaráði og borgarráði að fara í þriggja ára tilraunaverkefni á unglingastigi að seinka byrjun skóladags. Á grunni þess var ákveðið að skóladagur unglinga hæfist í fyrsta lagi kl. 08:50 frá hausti 2024. Önnur útfærsla fer fram í hverjum skóla eins og hentar best á hverjum stað fyrir sig. Stöðulýsing júní 2025: Aðgerðin var hluti af almennum aðgerðum menntastefnu frá 2022-2024. Nýjar aðgerðir koma inn frá júlí 2025 á grunni nýrrar aðgerðaráætlunar menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu. Eftirfylgni með þessu verkefni verður áfram hjá Lýðheilsu- og forvarnarteymi SFS og kynnt árlega fyrir framkvæmdastjórn SFS. Nánar um verkefnið.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
Forvarnarteymi um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi	Að efla og styðja forvarnarteymi um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sem stofnuð hafa verið í grunnskólum til að sinna forvarnarhlutverki sínu.	Lokið - 2/2 2024	Forvarnarteymi eru í öllum grunnskólum og eiga að vera virk. Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu er komið og allt starfsfólk á að taka það. Jafnréttisskólinn er enn að ítreka þátttöku starfsfólks í námskeiðinu.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Innleiðing farsældardaga	Í samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs er unnið að verkefninu Betri Borg fyrir Börn (BBB) í öllum borgarhlutum þar með talið innleiðingu laga um farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.	Lokið - 2/2 2024	Stöðulýsing í árslok 2024: Allar miðstöðvar og bamavernd Reykjavíkur er komin í gang með innleiðingu á verkferlum samkvæmt innleiðingaráætlun. Lausnateymi eru komin í alla grunnskóla og leikskóla og verið er að innleiða rafrænt kerfi, Búa, sem heldur utan um málefni barna sem fá stuðning. Farsældardagur var haldinn í höpunni í febrúar 2024 fyrir stjórnendur skóla- og frístundastarfs, miðstöðva og bamavernd. Í febrúar 2025 verður skipulögð farsældarvika þar sem skólastjórnendur og forstöðumenn frístundastarfs kynna verkferla BBB og farsældar áfram til síns starfsfólki og foreldra með tilbúnum glærupökkum um farsæld barna í Reykjavík og farsældarmyndböndum frá barna- og fjölskyldustofu. Opnir fjárfundir fyrir starfsfólk og foreldra um farsæld barna verða haldnir og vinnustofur fyrir ráðgjafa á miðstöðvum um mótun stuðningsteyma og stuðningsáætlaða á 2. og 3 stigi. Viðtöl við foreldra barna með mál í samþættingu verða einnig sýnd í farsældarviku. Stöðulýsing júnílok 2025: Aðgerðin var hluti af almennum aðgerðum menntastefnu frá 2022-2024. Nýjar aðgerðir koma inn frá júlí 2025 á grunni nýrrar aðgerðaráætlunar menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum. Eftirfylgni með innleiðingu farsældarlaga og BBB verður áfram hjá eigendahópi BBB, sviðsstjórum skóla- og frístundasviðs og velferðasviðs og árlega kynnt skóla- og frístundaráði og velferðarráði. Nýjar sértækar aðgerðir á grunni aðgerðaráætlunar menntastefnu 2025-2027 koma inn í Græna planið.	Menntastefna Velferðarstefna	SFS
Úthlutun fjármagns í leikskólum og frístundastarfi	Við endurskoðun á reiknilíkani fjárveitinga til starfsemi leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva verður lagt mat á kosti þess og galla að breyta fjárveitingum til sérkennslu og stuðnings í starfi þeirra.	Lokið - 2/2 2025	Stöðulýsing í árslok 2024: Leikskólalíkanið Snorri hefur verið samþykkt. Gerð frístundalíkans er rétt hafið. Stöðulýsing júnílok 2025: Aðgerðin var hluti af almennum aðgerðum menntastefnu frá 2022-2024. Nýjar aðgerðir koma inn frá júlí 2025 á grunni nýrrar aðgerðaráætlunar menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum. Verkefnið er í farvegi og fylgt eftir af framkvæmdastjórn SFS. Nánar um verkefnið.	Menntastefna	SFS
Stuðningur við börn og foreldra með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn	Að fylgja eftir gagnvirkum samningi við Móðurmálssamtökin.	Lokið - 1/2 2025	Stöðulýsing í árslok 2024: Samningur var gerður við Móðurmál haustið 2023 um greiðslu fyrir móðurmálsnáð barna sem sækja tungumálaskóla Móðurmáls fyrir árið 2024. Krafa var gerð um að þeir skólar innan Móðurmáls sem taka þátt í því verkefni séu með kennsluáætlun og markvissa kennslu. Mikið samstarf er hjá Miðju máls og læsis og Móðurmáli og er einn liður í því að vinna að því að því að námsmat Móðurmáls verði sett inn á námsmat skóla og er það enn í vinnslu og stefnt er að því að allir skólar skili á einkunnarblaði einkunnum frá Móðurmálsskólum vorið 2025. Liður í því er samstarf við InfoMentor og Námfús svo einfalda megi vinnslu gagna. Stöðulýsing í júní lok 2025: Aðgerðin var hluti af almennum aðgerðum menntastefnu frá 2022-2024. Nýjar aðgerðir koma inn frá júlí 2025 á grunni nýrrar aðgerðaráætlunar menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum. Verkefnið er í farvegi og fylgt eftir af Miðju máls og læsis og grunnskólaskrifstofu.	Menntastefna	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Þróunar-og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundasviðs	Haldið verði áfram að úthluta fjármagni til þróunar- og nýsköpunarstarfs vegna innleiðingar menntastefnu. Verkefnum og niðurstöðum þess verði miðlað á vef menntastefnu, á námskeiðum og fræðslufundum auk þess sem uppskeruhátið. Menntastefnumót verður haldið 17. maí 2024.	Lokið - 2/2 2024	Árið 2024 var framlag til Þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs ekki hækkað og var því áfram 100. m.kr árið 2024. Umsóknarfrestur var 15. janúar 2024 um A-hluta styrki sem voru styrkir sem dreifðust á alla starfsstaði sviðsins. Samtals var fengu 160 þróunarverkefni styrk árið 2024. Í lok ársins var gerð enn frekar hagræðingarkrafa sem leiddi til þess að fjármagn til sjóðsins var skorið niður um 50% og verða því aðeins 50 m.kr til úthlutunar úr sjóðnum árið 2025. Stöðulýsing í júnílok 2025: Aðgerðin var hluti af almennum aðgerðum menntastefnu frá 2022-2024. Nýjar aðgerðir koma inn frá júlí 2025 á grunni nýrrar aðgerðaráætlunar menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum en sértækari verkefni þessu tengt í nýrri áætlun. Nánar um verkefnið.	Menntastefna	SFS
Regnbogavottun í skóla- og frístundastarfi	Að allir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs fái regnbogavottun í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir lok árs 2024.	Lokið - 2/2 2024	Stöðulýsing í árslok 2024: Árið 2024 fjölgaði starfsstöðum hjá skóla- og frístundasviði (SFS) með regnbogavottun úr 65 í 85. Skrifstofa SFS er með vottun. Leikskólar= 9 búnir, 2 í ferli. Grunnskólar=18 búnir, 3 í ferli. 25 félagsmiðstöðvar eru komnar með Regnbogavottun og bara ein sem ekki er komin með en það er í ferli. 33 Frístundaheimili eru komin með Regnbogavottun. Nokkur frístundaheimili sem eru samrekin með grunnskólum eru eftir og fara þau með sínum grunnskólum þegar þeir eru teknir af biðlista sem klárast vonandi vorið 2025. Stöðulýsing í júnílok 2025: Ákveðið var á skrifstofu SFS þar sem biðlistar náðust ekki niður sem skildi að þjálfar verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Rvk. sem heyrir undir SFS að framkvæma regnbogavottun frá og með hausti 2025. Þessi aðgerð er hluti af nýrri aðgerðaráætlun menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum en sértækari verkefni þessu tengt í nýrri áætlun. Nánar um verkefnið.	Menntastefna	SFS
Menningarnámskrá Reykjavíkurborgar	Unnin verði menningarnámskrá Reykjavíkurborgar þar sem sett verða fram viðmið um menningar- og listþátttöku barna í skóla- og frístundastarfi og helstu vörður um þau menningarartilboð sem boðið er upp á fyrir börn á hverju aldursskeiði.	Lokið - 2/2 2024	Stöðulýsing í árslok 2024: Rýni á Uppsprettu vef og framboði menningarviðburða fyrir börn hjá menningarstofnunum hafin. Stefnt að því að nota reynslu frá menningartenglum í grunnskólum við mótun á menningarvörðum. Stöðulýsing í júnílok 2025: Aðgerðin var hluti af almennum aðgerðum menntastefnu frá 2022-2024. Þessi aðgerð er hluti af nýrri aðgerðaráætlun menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum en sértækari verkefni þessu tengt í nýrri áætlun. Nánar um verkefnið.	Menntastefna	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklök	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Betri borg fyrir fjöltyngd börn	Verkefnið snýst um að hjálpa foreldrum að styðja við fjöltyngd börn sín. Yfir 70 tungumál eru töluð í grunnskólum Reykjavíkur. 8 af 10 fjöltyngdum börnum eru tveimur staðalfrávikum frá meðalskilningi á námsorðaforða í bekk. Lesskilningur annarrar kynslóðar innflytjenda er nánast sá sami og fyrstu kynslóðar, sem þýðir að stuðningur í skólum skilar ekki tilætluðum árangri. Eftir viðtöl við börn, foreldra, sérfræðinga o.fl. hafa hugmyndir verið valdar sem gagnast fjöltyngdum börnum og fjölskyldum þeirra best til að aðlagast íslensku samfélagi og læra íslensku. Lausnir eru ólíkar og ná til ólíkra þátta, þar á meðal skólastarfs, tómstunda og heimilislífs. Lausnirnar fara núna í notendaprófanir, ítranir og prótótýpugerð. Í því ferli mun skýrast hvers eðlis lausnirnar verð, þ.e. hverjar verða stafrænar og hverjar staðbundnar. Þróun og innleiðing mun eiga sér stað fyrri hluta árs 2024. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Bloomberg Philanthropies.	Lokið - 1/2 2024	Verkefninu lauk haustið 2024 og voru niðurstöður og afurðir þess kynntar fyrir haghöfum. Afurðir verkefnisins verða nýttar í Reykjavík og um allt land í gegnum MEMM samstarfsverkefnið Reykjavíkurborgar, Miðstöðvar menntungar og skólaþjónustu og Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Stöðulýsing júní 2025: Þessi aðgerð er hluti af nýrri aðgerðaráætlun menntastefnunnar 2025-2027 og því fer þessi aðgerð út úr Græna planinu undir þessum formerkjum en sértækari verkefni þessu tengt í nýrri áætlun.	Þjónustustefna	ÞON SFS
Aukin kynja- og jafnréttisfræðsla	Að efla fræðslu, þjálfun og þekkingu starfsfólks skóla- og frístundasviðs á þessu sviði.	Lokið - 2/2 2024	Tvö stöðugildi í Jafnréttisskólanum, einn kynfræðingur og einn kynjafræðingur. Haustið 2024 fóru verkefnastýrir á alla stjórnendafundi og kynntu Jafnréttisskólann og það sem hann býður starfsstöðum upp á. Fræðslutilboð hafa verið illa nýtt en á haustönn hefur Jafnréttisskólinn farið inn með fræðslu á 5 starfsstaði. Jafnréttisskólinn hefur verið að útbúa kennsluefni í kynja-og kynfræðslu til að senda á starfsstaði.	Menntastefna	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Endurskoða stefnur menningarstofnana og menningarverkefna MÍR til samræmis við menningarstefnu borgarinnar og Græna planið	Ný stefna Borgarbókasafns sem áætlað er að verði tilbúin haustið 2024. Einnig er unnið að nýrri stefnu fyrir Listasafn Reykjavíkur. Borgarsögusafn hefur lokið við stefnumótun og er í innleiðingarfasa. Vinna þarf stefnur fyrir Bókmenntaborg og Tónlistarborg.	Í vinnslu - 1/2 2026	Stefna borgarbókasafns hefur verið kláruð. Stefur bókmenntaborgar og tónlistaborgar eru nýkomnar í vinnslu. Nánar um verkefnið.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR
Græn skref og umhverfismarkmið menningarstofnana	Menningarstofnanir Reykjavíkur klára innleiðingu grænna skrefa og gera umhverfis- og sjálfbærniáætlanir.	Ekki hafið - 1/2 2025		Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR
Stefnumótun fyrir listamiðstöð á Korpúlfsstöðum	Starshópur settur saman til að vinna stefnumótun um framtíð listamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Hópurinn skilaði skýrslu til fyrrverandi borgarstjóra. Ekki hefur verið fjallað um hana í borgarráði.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR
Kortlagning á listrýmum í borginni	Kortlagning á dreifingu, fjölda, stærð og aðstöðu listrýma í borginni með það að markmiði að styðja betur við listafólk. Rými fyrir viðburðahald úti og inni og vinnustofurými. Skoða vel dreifingu milli listgreina og rými fyrir grasrót og ungt listafólk. Gera uppbyggingaráætlun í samvinnu við viðeigandi hverfaráð og ungmenningaráð. Skoðað verður hvort unnt sé að ráða háskólanema tímabundið til að fara í þessa kortlagningu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skýrsla var unnin af Vigdísi Jakobsdóttur fyrir Reykjavíkurborg og íslenska ríkið og var kynnt fyrir MÍR ráðinu. Jafnframt hafa faghópar lista fengið kynningu.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lýkilstefna	Svið
Hönnunarsamkeppni um breytingar á Laugardalslaug	Með hönnunarsamkeppni er stefnt að því að Laugardalslaug ásamt stúkumannvirki og útisvæðum verði endurbætt og verði að lýðheilsu- og menningarmiðstöð. Samkomustaður í viðum skilningi þar sem ólík starfsemi fléttast saman og áhersla er lögð á góða þjónustu við almenning. Þá er lögð áhersla á að öll hönnun og úrbætur taki tillit til umhverfisvænna lausna og viðmiða og að áhersla verði lögð á endurnýtingu og sjálfbærni í samræmi við hugmyndafræði Græna plansins. Hönnunarsamkeppnin verður í tveimur þrepum og haldin í samráði við Arkitektafélag Íslands.	Í vinnslu - 1/2 2026	Verkefni hefur verið frestað til 2029. Nánar um verkefnið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Frístundavefurinn Frístund.is	Frístund.is er upplýsingavefur sem hefur m.a. að geyma námskeið sem eru í boði á hverjum tíma fyrir börn. Aðildarfélög geta auglýst hvaða námskeið þau bjóða upp á hverju sinni. Vefurinn er í þróun og hefur verið stofnaður starfshópur með öðrum sviðum borgarinnar til að hugsa vefinn upp á nýtt. Stefnt er að því að nýr vefur verði klár í lok árs 2024.	Í vinnslu - 2/2 2025	Vefurinn er ekki tilbúinn og þar af leiðandi ekki kominn í notkun. Fyrirtækið Júní sá um hönnunina á vefnum í samvinnu við menningar- og íþróttasvið, skóla- og frístundasvið og velferðarsvið. Samkvæmt samningi á Abler að setja upp vefþjónustu sem hefur dregist hjá þeim. Það hefur frestað uppsetningu og prófunum með forritara frá Júní sem gerði vefinn. Stefnt er að því að vefurinn verði kominn í notkun sumarið 2025. Nánar um verkefnið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Endurnýjun á innlaug Sundhallar	Til stendur að endurgera sundlaugarbakkann og laugarkerið í innlaug Sundhallar Reykjavíkur sem komið er til ára sinna. Vonast er til að næsta haust verði framkvæmdir byrjaðar og búist er við að þær standi yfir allt árið 2025 og hluta árs 2026. Til stendur að bæta gufuaðstöðu og bæta við pottum uppi á svölum. Búið er að samþykka byggingarleyfissókn.	Í vinnslu - 1/2 2026	Framkvæmdum frestað til 2031. Nánar um verkefnið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Uppbygging á skíðasvæðum	Á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins er uppbygging samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna. Til stendur að fara í framkvæmdir í Skálafelli árið 2025. Í Bláfjöllum stendur til að bæta við stólalýftu í Eldborgargili og toglyftu í Kerlingadal.	Í vinnslu 2/2 2028	Verkefni ekki hafið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Stefnumörkun og aðgerðaáætlun um bættu aðstöðu og aðgengi fyrir jaðarsport í borginni	Kortlagning aðstöðu fyrir jaðarsport í borginni og í framhaldinu móta stefnu auk aðgerðaáætlunar til að bæta aðstöðu og koma betur til móts við þennan fjölbreytta hóp fólks sem stundar jaðarsport í borginni.	Ekki hafið - 2/2 2025	Vinna er í gangi í samráði við ÍBR um kortlagningu á aðstöðu íþróttafélaga í borginni og þar með talið jaðarsportsfélaga. Þessari vinnu er ólokið en jafnframt er hafið samtal við skrifstofu opinna svæða hjá USK varðandi uppbyggingu hjóla- og hjólabrettasvæða á opnum svæðum í borginni.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Uppbygging Vetrargarðs í Breiðholti	Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu Vetrargarðs í Breiðholti samhliða framkvæmdum við Arnarnesveg. Vetrargarðurinn er fjölskyldugarður með starfsemi allt árið. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum skíðaleiðum fyrir byrjendur auk brekkna til æfinga fyrir skíðafélögin. Á sumrin verða í boði fjölbreyttar hjólaleiðir auk þurfskiðunar þegar garðurinn hefur tekið á sig fulla mynd. Markmiðið er að geta tekið á móti hópum frá leik, grunn- og frístundastarfi. Framkvæmdir við garðinn verða í áföngum en fyrsti áfangi er þegar hafinn með landmótun. Gert er ráð fyrir að fyrsta lyfta verði tekin í notkun um áramótin 2025/26.	Í vinnslu - 2/2 2025	Hundrað miljónir eru áætlaðar í Vetrargarðinn árið 2025. Þær fara í að ljúka landmótun, gróðursetningu, snjógirðingar og bílastæði. Þar að auki fer fjármagn í hönnun á þessu ári fyrir næsta áfanga - lyftur, lýsing, snjóframleiðsla, húsnæði. Verið er að klára landmótun og í sumar og haust verður farði í sáningu á skíðabrautum og leiðum auk gróðursetningar og gerð bílastæði. Lýðheilsu- og forvarnargildi þessarar framkvæmdar er óumdeilanlegt. Ekki er búið að ákveða fjárfestingarfjármagn til áframhaldandi framkvæmda á næstu árum.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Uppbygging í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum	Byggja á nýja selalaug og nýtt þjónustuhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Framkvæmdir eru með aukna velferð dýra að leiðarljósi auk þess sem aðstaða fyrir fræðslustarf verður bætt. Samhliða verður farið í heildarendurskoðun á starfsemi garðsins er lýtur m.a. að aukinni útiveru og fjölbreyttri afþreyingu í fjölskyldugarðinum fyrir alla, þróun og endurskoðun á starfsemi húsdýragarðsins auk áframhaldandi þróunar á fræðslutilboðum til barna og ungmenna í leik-, grunn- og frístundastarfi.	Í vinnslu - 1/2 2025	Í meirihlutasáttmála samstarfsflokka er lagt til framkvæmdir við Selalaugina. Verið er að endurmeta kostnaðaráætlun en teikningar og útboðsgögn eru til. Tillaga liggur fyrir að skoða hvort hægt væri að þróa lundabyggð við hlið selalaugar og er það í skoðun. Nánar um verkefnið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Stefnumótun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins	Árið 2024 verði stofnaður starfshópur sem fær það hlutverk að móta stefnu garðsins til næstu ára. Markmiðið verður m.a. að stuðla að aukinni útiveru og fjölbreyttri afþreyingu í fjölskyldugarðinum fyrir alla, þróun og endurskoðun á starfsemi húsdýragarðsins auk áframhaldandi þróunar á fræðslutilboðum til barna og ungmenna í leik-, grunn- og frístundastarfi.	Ekki hafið - 2/2 2025	Starfshópur hefur ekki verið stofnaður til að móta stefnu um framtíð garðsins. Mikilvægt er að klára að stofna slíkan hóp í samráði við Menningar- og Íþróttaráð Reykjavíkur.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Stefnumótun Sundlauga Reykjavíkurborgar	Forstöðumenn ásamt skrifstofu menningar- og íþróttasviðs fara í stefnumörkun, endurskoða framtíðarsýn og setja sér lykilmarkmið til framtíðar.	Í vinnslu - 1/2 2026	Búið að vinna greiningar og tillögur - skrifstofa menningar- og íþróttasviðs - forstöðumenn og vaktstjórar komu að því. Nú þarf að taka ákvörðun um innleiðingu ef það á að breyta hlutvekum forstöðumanna/vaktstjóra gagnvart stjórnun.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
Auka hagkvæmni í rekstri íþróttamannvirkja borgarinnar	Taka rekstrarfundi með íþróttafélögum tvisvar sinnum á ári til að rýna ársreikninga, rekstur og rekstraráætlun.	Ekki hafið - 1/2 2025	Ekki unnist tími til að vinna í þessu. Það verður stofnaður stýrihópur um að vinna að umbóta tillögum fyrir íþróttafélög þannig að tryggður sé heilbrigður rekstur og umgjörð í kringum barna- og ungmennastarf.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklök	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Markaðs- og kynningarmál	Til stendur að endurskoða heildstætt markaðsstefnu menningar- og íþróttasviðs þar sem tvö svið sameinuðust í eitt svið í ársbyrjun 2023.	Í vinnslu - 2/2 2025	Forstöðumaður markaðsmála var ráðinn til starfa á menningar- og íþróttasviði fyrir á árinu og hóf störf 1. júlí 2025. Greiningarvinna til að kortleggja markaðs- og kynningamál á sviðinu er langt komin. Starfshópur sem vinna mun að endurskipulagningu á markaðs- og upplýsingamálum verður stofnaður á haustmánuðum 2025 og komið á fót markaðshóp innan sviðsins til að efla samlegðaráhrif og samvinnu þvert á starfsstaði og stofnanir.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna Menningarstefna	MÍR
Uppbygging í Efra-Breiðholti: Dans- og fimleikahús	Til stendur að fara í samkeppni um nýtt dans- og fimleikahús við Gerðuberg 1 í Breiðholti. Byggingin verður staðsett í hverfismiðjunni við Austurberg, samkvæmt tillögum að nýju hverfisskipulagi fyrir Breiðholt. Miðað er við að byggingin verði 2-3 hæðir og 2.-3.000m2 að stærð. Rýmið mun innihalda fimleikasal, þrjá danssali, black box sal, karatesal, búningsaðstöðu, geymslurými og anddyri. Aðliggjandi rými munu innihalda áhaldageymslu, búningsskelfa, aðstöðu starfsfólks/íþróttakennara, hvíldaraðstöðu/sjúkraherbergi, snyrtingar og stjórnunar- og starfsmannarými. Gera skal ráð fyrir samnýtingu bílastæða á nærliggjandi lóðum og unnið hefur verið samgöngumat þar sem gerð er grein fyrir aðkomu íbúa og gesta að byggingunni.	Ekki hafið - 2/2 2026	Verkefni er ekki hafið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lýkilstefna	Svið
Lýðheilsuvísar	Lýðheilsuvísar eru gefnir út árlega, og þeir þróaðir eins og þörf krefur. Lýðheilsuvísar varpa ljósi á helstu þætti lýðheilsu sem einkenna samfélagið sem við búum í. Leitast er við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík og að birta ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstökum hverfum eða skólum, eða persónugreinanlegar upplýsingar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Þróun og innleiðing lýðheilsuvísa og og birting þeirra í mælaborði borgarbúa. Lýðheilsuvísar voru fyrst gefnir út af Reykjavíkurborg árið 2019 og eru notaðir til að undirbyggja stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg sem skal vera gagnadrífín. Breyting varð árið 2025 að embætti Landlæknis gaf sérstaklega út lýðheilsuvísa fyrir stærstu sveitarfélögin ásamt því að bjóða upp á frekari niðurbrot á þeim til innri nota.	Lýðheilsustefna	SBB
Uppfærð aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu 2024-2026	Fyrsta aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu var samþykkt 5. október 2021. Uppfæra á aðgerðaáætlunina og mun hún gilda 2024-2027.	Í vinnslu - 2/2 2025	Drög að aðgerðaráætlun eru tilbúin og í rýni hjá borgarstjóra. Stefnt er að því að leggja hana fyrir borgarráð fyrir árslok 2025.	Lýðheilsustefna	SBB
Innleiðing á velsældarhagkerfi	Velsældarhagkerfi er hagkerfi þar sem lykilmælikvarðar á stöðu og árangri eru ekki aðeins hagvöxtur og þjóðarframleiðsla heldur einnig mælikvarðar sem snúa að heilsu, lífsgæðum og hamingju íbúa, jöfnuði og jafnrétti, umhverfinu og meta almennt allar þrjár grunnstoðir sjálfbærni í samfélaginu. Áhersla verður lögð á að skilgreina mælikvarða og taka þátt í tilraunaverkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (e. WHO Healthy Cities).	Í vinnslu - 2/2 2030	Í samstarfi við alþjóðaheilbrigðismálastofnunina í gegnum aðild Reykjavíkurborgar að Healthy Cities tókum við þátt í frumkvöðlaverkefni sem snýr að því að aðlagða velsældarhagkerfi að sveitarstjórnarstigi. Í því felur sér að taka þátt í vinnustofum og þróa efnir fyrir aðrar borgir að nýta sér sem stefna að því að horfa til þess að innleiða velsældarhagkerfi. Afurð þess verður gáttlisti fyrir borgir sem hygga innleiðingu á velsældarhagkerfi.	Lýðheilsustefna Græna planið	SBB
Lýðheilsusjóður Heilsueflandi hverfa	Reykjavíkurborg er virkur þátttakandi í starfi Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag, og er í þéttnu samstarfi við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og önnur sveitarfélög um bestu framkvæmd og þróun starfsins. 2022 var komið á fót lýðheilsusjóði Heilsueflandi hverfa þar sem árlega er úthlutað til þjónustumiðstöðva í framkvæmd verkefna sem styðja við lýðheilsu í hverfum. Tekið er mið af markmiðum Heilsueflandi samfélags við ráðstöfun fjármuna og áhersla lögð á sýnileika verkefna.	Í vinnslu - 2/2 2025	U.þ.b. 25 verkefni fengu úthlutað fjármagni í verkefni sem stuðla að heilsueflandi samfélagi, Stærsta úthlutunin var rafmagnsreiðhjól með vagni fyrir eldra fólk og fatlaða. Unnið er að lýðheilsuverkefnum fyrir næsta misseri innan hverfa.	Lýðheilsustefna	SBB
Aldursvæn borg	Reykjavíkurborg hefur verið þátttakandi í tengsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aldursvænar borgir síðan árið 2015. Markmiðið með þátttökunni er að gera Reykjavíkurborg aðgengilega, aðlaðandi og hentuga fyrir eldri íbúa og um leið betri borg til að búa í fyrir alla íbúa og aldurshópa.	Í vinnslu - 2/2 2025	Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri skrifstofu heimaþjónustu á velferðarsviði er verkefnastjóri aldursvænna borga. Aðildin felst í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi aldursvænna borga á vegum WHO. Stefnumótun í málefnum eldra fólks er unnin út frá átta málefnasviðum aldursvænna borga.	Velferðarstefna Lýðheilsustefna	VEL SBB
Forvarnaráætlun barna og ungmenna 2024-2026	Markmið hennar er að bregðast við helstu áskorunum sem eru til staðar í forvaramálum varðandi börn og ungmenni í Reykjavík. Forvarmarstarf fer fram í nánasta umhverfi barna og ungmenna þar sem skóla- og frístundastarf gegnir mikilvægu hlutverki. Miðstöðvar borgarhlutanna eru í lykilhlutverki við að tryggja samhæfingu og samstarf þeirra aðila sem styðja börn, ungmenni og foreldra þeirra í hverfum borgarinnar.	Í vinnslu - 2/2 2026	Guðrún Halla Jónsdóttir var ráðin inn sem forvarnarfulltrúi með það að markmiði að fylgja á eftir aðgerðum forvarnaráætlunar. Sérstaklega ber að nefna aðgerðir og samantektir sem snúa að ofbeldi bama og ungmenna í tengslum við hópamyndanir og óæskilega hegðun.	Velferðarstefna Lýðheilsustefna	SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lýkilstofna	Svið
Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum	Í áætluninni eru sett fram markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun og stuðla að jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, við veitingu þjónustu og í mannauðsmálum. Áætlunin nær því þvert á alla starfsemi borgarinnar, og tengist öðrum stefnum og áætlunum sem borgin hefur samþykkt, eins og græna planinu, aðgengisstefnu, aðgerðaáætlun gegn ofbeldi, mannauðsstefnu, jafnlaunastefnu, velferðarstefnu, íþróttastefnu, menningarstefnu o.fl. Í mannréttindastefnu borgarinnar skuldbinda borgaryfirvöld sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið endurspeglar margbætt hlutverk og skyldur borgarinnar; sem stjórnsvalds, sem atvinnurekanda, sem veitanda þjónustu og sem samstarfsaðila. Í aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum eru sett fram 51 markmið og 108 aðgerðir á þessum fjórum sviðum til að stuðla að jafnrétti og mannréttindum.	Í vinnslu - 2/2 2026	Stöðutaka í aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum verður unnin haust 2025 og í framhaldi send til umræðu í borgarstjórn skv. ákvæðum jafnréttislaga. Nánar um verkefnið.	Mannréttinda-stefna	MAR
Hverfið mitt	Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu borgarinnar. Þar gefst íbúum kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að senda inn hugmyndir að nýjum og smærri verkefnum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Samráðsverkefnið snýst í grunninn um forgangsöðun fjármuna til verkefna, stundum kallað þátttöku-fjárhags-áætlunargerð. Hugmyndin er að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Fjármagninu er skipt á milli hverfa, að hluta til jafnt en einnig eftir íbúafjölda.	Í vinnslu - 1/2 2026	62 hugmyndir voru kosnar til framkvæmda í síðasta fasa verkefnisins 2022-2023. Fjármagni til framkvæmda kosinna hugmyndina var dreift á árin 2024-2025. Framkvæmt var fyrir 250 milljónir árið 2024 og 250 milljónir eru áætlaðar í framkvæmdir í ár. Af 62 kosnum hugmyndum eru 32 með stöðuna framkvæmdum lokið, 14 eru enn í framkvæmd og 9 hugmyndir eru í undirbúningi til framkvæmda. Vinna er ekki hafin við 5 hugmyndir. 1 hugmynd reyndist ótæk til framkvæmda og var því tekin ákvörðun að framkvæma þá hugmynd sem hlaut mest atkvæði á eftir henni. Framkvæmdar hugmyndir úr Hverfinu mínu má finna um alla borg, t.d. við Rauðavatn þar sem er leiksvæði með stórum traktor úr tré, bekkir og borð. Nánar um verkefnið.	Lýðræðisstefna	MAR USK
Regnbogavottun Reykjavíkur	Allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta fengið regnbogavottun. Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.	Í vinnslu - 2/2 2030	Á tímabilinu hafa rúmlega 40 starfsstaðir hlotið Regnbogavottun, til viðbótar við þá 90 sem höfðu hlotið vottun frá upphafi verkefnisins árið 2020. Yfir 130 staðir eru þannig komnir með vottun, sem allir fá reglulega upprifjun og endurnýja aðgerðaáætlanir sínar árlega. Vorið 2025 fór í loftið gagnasaga á Gagnahlaðborði Reykjavíkur þar sem fylgjast má nánar með framvindu Regnbogavottunar þ.m.t. framboð af fræðslu, og fjölda starfsfólks borgarinnar sem fengið hefur fræðslu. Nánar um verkefnið.	Mannréttinda-stefna Menntastefna	MAR
Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024	Markmið áætlunarinnar er að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir og er sett fram til að tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru séu framkvæmd. Aðgerðaáætlun Nordic Safe Cities er hluti af áætluninni.	Lokið - 1/2 2025	Áætluninni er fylgt eftir af mannréttindaráði Reykjavíkurborgar. Flest verkefni/aðgerðir í henni eru innan þess tímaramma sem tilgreindur er. Nánar um verkefnið.	Mannréttinda-stefna	MAR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Inngilding, innflytjendur og uppruni	Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu starfa sérfræðingar sem sinna m.a. utanumhaldi um fjölmenningsarráð, málefni innflytjenda, inngildingu og fræðslu um málaflokkinn. Skrifstofan hefur það hlutverk að fylgja stöðu aðgerða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.	Í vinnslu - 2/2 2030	Sérfræðingur í málefnum innflytjenda og flóttafólks hóf störf 1.8.2025. Nánar um verkefnið.	Mannréttinda-stefna Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks	MAR
Aðgengi og fatlað fólk	Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu starfar sérfræðingur sem sinnir m.a. utanumhaldi um aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks. Aðgengisfulltrúi hefur störf hjá Reykjavíkurborg í byrjun árs 2024 og starfar m.a. að verkefnum nefndarinnar. Unnið að aðgerðum til að sporna gegn ofbeldi gagnvart fötluðu fólki í tengslum við verkefnið Saman gegn ofbeldi.	Lokið - 1/2 2025	Aðgengisfulltrúi hóf störf á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, og hjá umhverfis- og skipulagssviði, árið 2024. Einnig er starfandi starfsmaður samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks innan mannréttindaráðs Reykjavíkur en það er komið í stað aðgengis- og samráðsnefndar, breytingin varð við meirihlutaskipti 2025. Viðkomandi starfsmaður sinnir margvísulegum verkefnum sem tengjast málefnum fatlaðs fólks á skrifstofunni. Nánar um verkefnið.	Mannréttindastefna Aðgengisstefna	MAR
Framboð upplýsinga á ensku	Aukið framboð upplýsinga frá borginni á ensku til þess að auðvelda aðlögun erlendra íbúa að samfélaginu.	Lokið - 1/2 2024		Velferðarstefna	MAR



Reykjavík

Stoðaðgerðir og samvinna við fyrirtæki borgarinnar



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Mannauðsmál Reykjavíkurborgar	Mannauðs- og starfsumhverfissvið vinnur að því að byggja upp öfluga mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk þannig að það geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Einnig að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita það þjónustustig sem sett hefur verið.	Í vinnslu - 2/2 2030	Á seinni sex mánuðum ársins 2024 var mikil áhersla á kjarasamningsviðræður og gerð nýrra kjarasamninga við þá viðsejendur sem enn voru með lausa samninga. Unnið var að innleiðingu á 36 stunda vinnuviku sem er nú komin til að vera með breyttum vinnutímakafla í kjarasamningum. Klárað var að ganga frá starfslýsingabanka sem felur í sér starfslýsingar fyrir öll störf á sviðum borgarinnar á einum stað í skjalakerfinu Hlöðunni. Áfram var unnið að því með markvissum hætti að starfsfólk af erlendum uppruna standi til boða íslenskukennslu á starfsstaðnum eða í nágrenni eða hafi aðgang að Bara tala. Unnið var að fyrsta stig öryggis- og heilbrigðisáætlaða fyrir svið borgarinnar. Stuðnings- og ráðgjafateymi borgarinnar sem sett var á laggirnar á vormánuðum var kynnt og orðið aðgengilegt öllu starfsfólki. Lokið var við innleiðingu á Ráðný sem er notendavænt og skilvirkt umsóknarkerfi fyrir störf borgarinnar. Hafið var undirbúningur á þarfagreiningu fyrir nýtt mannauðs- og launakerfi borgarinnar. Unnið var að undirbúningi fyrir framlagningu á viðhorfsskóuninni Stofnun ársins í samvinnu við ríkið, stéttarfélagið Sameyki og Gallup. Könnunin var síðan lögð fyrir allt starfsfólk undir lok árs. Á haustmánuðum flutti Launaskrifstofa í Ráðhúsið og var þá starfsemi sviðsins komin á einn stað eftir að sú breyting varð í upphafi árs að Launaskrifstofa færðist frá FAS yfir á MOS. Áherslur og verkefni fyrstu sex mánuði ársins 2025 voru margvísleg og unnið var samkvæmt áherslum og markmiðum mannauðsstefnu. Unnið hefur verið af krafti að þarfagreiningu fyrir nýtt mannauðs- og launakerfi borgarinnar sem fer í útboð að hausti. Hafið var vinna við bæði úttekt á núverandi starfsmatskerfi, vinna við mótun virðismatskerfis til notkunar á hinum opinbera vinnumarkaði og þróun virðismatskerfis vegna starfa vegna Kennarasambands Íslands. Reykjavíkurborg fékk sína sjöttu jafnlaunavottun og var það unnið með nýjum úttektaraðila. Gengið frá síðustu kjarasamningum í þessari löngu kjarasamningslotu á vormánuðum og gilda allir kjarasamningar fram til ársins 2028. Haldin var ráðstefna um öryggismál sem var vel sótt af því starfsfólki innan borgarinnar sem vinnur að öryggismálum starfsstaða og sviða. Stjórnendadagur borgarinnar haldinn með mjög góðri þátttöku stjórnenda og þar lagður grunnur að nýrri mannauðsstefnu borgarinnar og fyrstu stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar. Áfram var haldið við að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar og aukinnar skilvirkni, meðal annars með því að leita leiða til að fara frá eyðublöðum yfir í rafrænar umsóknir og skil á gögnum. Meðal annars var starfsmannagátt launaskrifstofu þróuð áfram. Í fyrsta inn var boðið upp á nýliðafræðslu stjórnenda á stafrænu fomi. Unnið að undirbúningi á að taka í notkun nýjan samskiptamiðil í stað Workplace og áfram var unnið að umbótaverkefnum tengdum mannauðsgögnum í mannauðs- og launakerfi. Haldinn var starfsdagur fyrir allt mannauðsfólk borgarinnar og horft fram á veginn og rætt um áskoranir og tækifærin framundan.	Mannauðsstefna	MOS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar	Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins í gegnum stofnanir borgarinnar. Allar stofnanir eiga að vera þátttakendur í Grænum skrefum. Með nýrri útfærslu á Grænu skrefunum er markmiðið að það verði einfalt fyrir stjórnendur að innleiða græn skref á sínum starfsstað, en við viljum einnig sjá aukna ábyrgð deildarstjóra innan sviðsins og meiri samvinnu á milli eininga.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verið er að búa til nýja heimasíðu fyrir Grænu skrefin og nýtt kerfi til að halda utanum vinnu stjórnenda við að innleiða Grænu skrefin. Þetta mun einfalda allt ferlið fyrir stjórnendur, en um leið erum við að breyta áherslum innan Grænna skrefa, þar sem að skref 1 - 4 verða ekki lengur virk heldur leggjum við meiri áherslu á þrjá aðal umhverfisflokka, úrgang, samgöngur og innkaup, til samræmis við loftslagsstefnu og nýjan loftslagsborgasamning (CCC). Nánar um verkefnið.	Loftslagsstefna Umhverfis- og auðlindastefna	USK
Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla	Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla er mikilvægur liður í því að bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkur. Markmiðið er að færa þjónustuna nær íbúum með því að bjóða upp á rafrænar umsóknir, aðgengilega hönnun og mannlegt viðmót í stað umsókna á pappírseyðublöðum. Vinnan byggir á markmiðum þjónustustefnu borgarinnar, sem er að bæta, rafvæða og einfalda þjónustu Reykjavíkur.	Í vinnslu - 2/2 2025	Uppfærsla fyrir árið: Á árunum 2024-2025 var haldið áfram að þróa Mínar síður, við bættust fleiri umsóknir frá Byggingarfulltrúa, umsókn um styrk til Borgarsjóðs ofl. styrkumsóknir ásamt umsóknum um íbúakort. Undir lok árs var svo opnað fyrir umboðsvirkni fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Rafrænni Reykjavík var endanlega lokað því allar umsóknir og eyðublöð sem voru þar hafa verið færð yfir á Mínar síður. Aðrir stórir þjónustuferlar sem voru rafvæddir eru húsnæðisumsóknir og akstursþjónusta ásamt því að Leikskólareiknirinn leit dagsins ljós.	Þjónustustefna Stafræn stefna	PON
Innleiðing þjónustustefnu	Reykjavíkurborg er þjónustuaðili þar sem stærstur hluti starfsemi borgarinnar felst í að veita íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Tilkoma þjónustustefnu Reykjavíkurborgar árið 2016 markaði þáttaskil í þjónustu borgarinnar. Innleiðing hennar er langtíma verkefni sem snýst að miklu leyti um breytingu á hugarfari og krefst samstöðu og skuldbindingar hjá öllu starfsfólki borgarinnar. Þjónustustefnan var uppfærð árið 2021.	Lokið - 2/2 2025	Uppfærsla fyrir árið: Aðaláhersla ársins 2024 hefur verið á aðgerð 1.5 um þjónustumælingar og var gengið frá kaupum á miðlægum könnunarhugbúnaði á árinu 2024. Hugbúnaðinn nota sérfræðingar sviðanna sem vinna að árangurs- og gæðamati á þjónustu. Samhliða framkvæmd kannana og mælinga á þjónustu hefur grunnur verið lagður að samræmdri nálgun við gerð kannana. Þjónusta var meginstef Stjórnendadags Reykjavíkurborgar þar sem farið var ítarlega yfir 10 lykla að góðri þjónustu með öllum stjórnendum borgarinnar og um haustið var haldin ráðstefnan Til þjónustu reiðubúin – hvað er góð opinber þjónusta?	Þjónustustefna	PON

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Innleiðing Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030	Innleiða á Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030 skv. aðgerðaáætlun í sjö liðum, þ.m.t. að skipa starfshóp um alþjóðamál sem starfar þvert á borgarkerfið. Núgildandi aðgerðaáætlun horfir að mestu til umbóta í fyrirkomulagi alþjóðamála í stjórnerfi borgarinnar. Lögð er áhersla á reglubundna endurskoðun.	Í vinnslu - 2/2 2030	Alþjóðastefna var samþykkt í borgarstjórn árið 2021 og hafði að geyma aðgerðaáætlun sem náði til tveggja ára eða til ársins 2023. Af þeim sjö atriðum sem má finna í aðgerðaáætlun má segja að öll atriði séu vel á veg kominn eða nú þegar innleidd, nema atriði 7, sem kveður á um greiningu á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík. Faghópur um alþjóðamál hefur komið saman einu sinni á árinu 2025 og Handbók um alþjóðamál Reykjavíkur er enn í vinnslu. Frá þeim tíma sem alþjóðastefna var samþykkt varð einnig rof í starfi alþjóða fulltrúa, en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara starfaði án slíks fulltrúa frá miðju ári 2024 til vormánaða 2025. Mælt er með endurskoðun á aðgerðaáætlun. Nánar um verkefnið.	Alþjóðastefna	SBB
Innleiðing ISO-staðla í starfsemi Reykjavíkurborgar	Mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni. Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig. Alls innihalda staðlarnir 250 mælikvarða. Hægt er að tengja hvern og einn mælikvarða við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og er þessi vinna því góður undirbúningur fyrir innleiðingu þeirra. ISO 37120 um þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa þeirra. Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borga og gerir þeim kleift að fylgjast með eigin vegferð og bera sig saman við aðrar borgir.	Í vinnslu - 2/2 2025	Staðan í júlí 2024 var þannig að gagnasöfnun og vottun fyrir alla þrjá ISO staðlana hafði farið fram þrisvar sinnum. Upprunalegur samningur sem gerður var við WCCD árið 2020 var því uppfylltur. Vinna við að skilgreina hvar verkefnið á heima innan Reykjavíkurborgar var í gangi og samtal um áframhaldandi samstarf við WCCD og vottun á stöðlunum var farið af stað. Á árinu var ákveðið að halda áfram að safna gögnum í samstarfi við WCCD í að minnsta kosti 3 ár, eða fyrir gagna árin 2024, 2025 og 2026. Verkefnið verður áfram á FAS. Einnig var ákveðið að taka þátt í innleiðingu nýs staðals frá ISO í samstarfi við WCCD, ISO 37125 ESG. Staðallinn er ákveðið sambland frá hinum þremur og borgin fær því sjálfkrafa vottun á hann, enginn aukakostnaður fylgir því að innleiða þann staðal. Innleiðingarteymi mældi með því að innleiða staðallinn allavega í fyrsta skipti á meðan það kostar Reykjavíkurborg ekkert. Fyrir liggur að tryggja hagnýtingu niðurstaðna í starfsemi borgarinnar með því að tengja mælikvarða staðlanna við helstu stefnur.	Græna planið	FAS

Samvinna við fyrirtæki borgarinnar

1/1

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2025	Lykilstefna	Svið
Samráð Reykjavíkurborgar og B-hluta fyrirtækja hennar og tengdra félaga um Græna planið	Reglubundið samráð verði á milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið og einstaka samstarfsverkefni sem sum fyrirtækin eða öll koma að.	Í vinnslu - 2/2 2025	Reykjavíkurborg vinnur að mörgum samstarfsverkefnum með B-hluta fyrirtækjum sem styðja við markmið Græna plansins. Dæmi um stærri þróunarverkefni unnin í reglulegu samstarfi og samráði eru: loftslagsborgarsamningur (Sorpa, Orkuveitan, Veitur, Faxaflóahafnir, Strætó - sjá fleiri samstarfsaðila hér: https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-05/climat-city-contract-commitments_signed_by_mayor.pdf Hringrásargarður á Álfsnesi (Sorpa, Faxaflóahafnir, Orkuveitan, Veitur) Starfshópur um hröð orkuskipti (Sorpa, Orkuveitan, Veitur, Malbikunarstöðin Höfði, Strætó, Faxaflóahafnir) Starfshópur um hringrásarhagkerfi í Reykjavík (Sorpa, Orkuveitan, Veitur) Iðewater - vatnaáætlun (Orkuveitan, Veitur) Auk þess er unnið að fleiri stórum umsóknum til Evrópusambandsins í nánú samstarfi við B-hluta fyrirtæki sem snúa að m.a. aðlögun að loftslags og hringrásarhagkerfi.	Græna planið	SBB
Orkuskipti í Reykjavík	Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skýrsla um hröð orkuskipti í Reykjavík er í vinnslu. Enn er verið að skoða sérstaklega hvernig borgin getur flýtt fyrir orkuskiptum í eigin rekstri.	Græna planið Loftslagsstefna	SBB
Græn fjármál Reykjavíkur	Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Ný tækifæri til grænnar fjármögnunar eru í gegnum loftslagsborgarsamning Reykjavíkurborgar, en B-hluta fyrirtækin eru aðilar að samningnum og hafa í gegnum hann aðgang að samtali og ráðgjöf NetZeroCities um sjálfbæra og samfélagslega fjármögnun. Aðkoma þeirra sem eru aðilar að samningnum er bundin þeim loftslagsaðgerðum sem skilgreindar eru í samningi Reykjavíkurborgar.	Græna planið	SBB
Hringrásarhagkerfið í Reykjavík	Stefnumótun fyrir hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skýrsla um eflingu hringrásarhagkerfi á höfuðborgarsvæðisins hefur verið skilað til borgarstjóra og starfshópur lokið störfum. Skýrslan hefur ekki verið tekin fyrir í borgarráði enn sem komið er. Nánar um verkefnið.	Græna planið Loftslagsstefna	SBB
Stafræn umbreyting	Samstarf Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar til að flýta fyrir og festa í sessi stafræna umbreytingu í borginni.	Lokið - 2/2 2025	Verkefni lokið.	Græna planið Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB



Reykjavík

Áfangaskýrsla
Græna plansins

Júlí 2024 – júní 2025

